

Unga fólkioð vill banna hvalveiðar

Íslendingar eru klofnir í afstöðu sinni til þess hvort banna eigi hvalveiðar. Yfirgnæfandi meirihluti ungs fólks er hlynntur banni. Formaður Viðreisnar vonar að veiðarnar skaði ekki orðspor Íslands.

HVALVEIÐAR Af þeim sem tóku afstöðu eru 38,2 prósent fylgjandi banni við hvalveiðum en 36,3 prósent eru því andvíg. Um fjórðungur er hvorki fylgjandi né andvígur. Þetta eru niðurstöður könnunar sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið og fréttablaðið.is.

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi, undirritaði í febrúar síðastliðnum reglugerð sem heimilar veiðar á hreinu og langreyði til ársins 2023.

„Mér finnst þetta vera mjög áhugaverðar niðurstöður. Við sjáum þarna ákveðinn kynslóðamun en þetta er í takt við það sem maður hefur fundið,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar.

Þorgerður Katrín hefur lagt fram tillögu á Alþingi um að gerð verði könnun á viðhorfi almennings í helstu viðskiptalöndum Íslands til áframhaldandi hvalveiða.

„Ég vona að þessi vanhugsáða ákvörðun Kristjáns Þórs undir forystu ríkisstjórnar Vinstri grænna verði ekki til þess að það verði varanlegur orðsporsskaði af þessu,“ segir Þorgerður Katrín.


Langmestur stuðningur við að hvalveiðar verði bannaðar mælist í yngsta aldurshópnum, 69 prósent þeirra sem eru á aldrinum 18-24 ára eru fylgjandi banni en aðeins tíu prósent því andvíg. Þá styðja töluvert fleiri í aldurshópnum 25-34 ára bann við hvalveiðum en eru því andvíg.

Í öllum öðrum aldurshópum eru andstæðingar banns við hvalveiðum hins vegar fleiri en stuðningsmenn. Mesta andstæðan við bannið mælist í elstu aldurshópnum. Um helmingur þeirra sem eru eldri en 55 ára er andvígur banni en 28 prósent fylgjandi.

„Unga fólkioð skynjar þetta. Það

/// Könnun

Hversu hlynnt/ur eða andvíg/ur ert þú því að hvalveiðar verði bannaðar við Ísland?




skynjar hjartslátt samtímans og vill ekki þessar dýrapínningar sem ríkisstjórnin er að standa fyrir. Það hefði þurft að segja mér þetta tvisvar og þrisvar að hvalveiðar myndu hefjast aftur undir forystu Vinstri grænna,“ segir Þorgerður Katrín.

Konur eru mun líklegri til að styðja bann við hvalveiðum en karlar. 45 prósent kvenna eru hlynnt banni við hvalveiðum en 22 prósent andvíg. Um þriðjungur kvenna er hins vegar hvorki hlynntur né andvígur banninu. Helmingur karla er andvígur banni við hvalveiðum, tæpur þriðjungur er fylgjandi banni og tæpur fimmtungur er hvorki hlynntur né andvígur.

Þá er stuðningur við hvalveiðibann talsvert meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Könnun Zenter rannsókna var netkönnun framkvæmd 10. til 13. maí síðastliðinn. Alls voru tvö þúsund manns í úrtakinu og var svarhlutfall 50 prósent. Af þeim sem svöruðu tóku tæpur 96 prósent afstöðu til spurningarinnar. — sar



Fjöllistahópurinn Hatari, hinir andkaptalísku fulltrúar Íslands í Eurovision, buðu upp á mikla flugeldasýningu á sviðinu í Tel Aviv í gær. Þeir komust áfram á lokakvöldið og er það í fyrsta skipti í fjögur ár sem Ísland tekur þátt í úrslitum í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Allt samkvæmt áætlun. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Róðurinn þyngri í ferðapjónustu

FERÐAÞJÓNUSTA Ferðapjónustan finnur fyrir áhrifunum af falli WOW air. Framkvæmdastjóri Kynniferða segir samdráttinn í apríl nema 34 prósentum milli ára. Apríl hafi ekki verið jafn þungur fyrir rútufyrirtæki í um átta ár. Framkvæmdastjóri fjárfestingafélagsins Eldeyjar segir að ferðapjónustan sé orðin kaupendamarkaður. Stjórnendur fyrirtækja í greininni séu tilbúnir að ræða samvinnu og samruna.

Þá var aðsókn í ísgöngin Into the Glacier í Langjökli um sextíu prósentum minni á fyrsta fjórðungi ársins en áætlanir Into the Glacier höfðu gert ráð fyrir samkvæmt heimildum Markaðarins. Övist er hvort kaup Arctic Adventures á Into the Glacier muni ganga eftir.

— þfh / sjá Markaðinn

Fréttablaðið í dag

Halldór



SKODUN Ásmundur Einar Daðason skrifar um alþjóðadag fjölskyldunnar. **10**

SPORT Yfirburðir Mercedes Benz eru algjörir í Formúlu 1. **13**

MENNING Mikilvægt að fara með list sína út fyrir landsteinana, segir Brynhildur Björnsdóttir. **18**

LÍFIÐ Barþjónar landsins taka þátt í keppninni um besta barþjón Íslands. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
MARKAÐURINN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

nettó

FRÁBÆRIR Í EUROVISION VEISLUNA!



-30%

Nautaborgarar
4x90 gr m/brauði
699 KR/PK
ÁÐUR: 998 KR/PK

Tales from Iceland



BESTA SAFN ÍSLANDS
SKV. TRIPADVISOR.COM



AUSTURBÆR

Eurovisionskraut og búningar

Finndu okkur á



PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



Suðlæg átt, 3-10 m/s en suðaustan strekkingur við SV-ströndina.

Skýjað að mestu en úrkomulítið S-lands, en víða bjart veður N-til á landinu. Þykkar upp V-til í kvöld með rigningu, rigning eða súld S- og V-lands í dag, en bjart NA-lands.

SJÁ SIÐU 14



Lilja og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Katrín var mjög áfram um að styðja frumvarpið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Lilja gefur ekki upp afstöðu til þungunarrofs

STJÓRN MÁL Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra vill ekki gefa upp afstöðu sína til þungunarrofs-frumvarpsins sem samþykkt var í fyrradag þar sem konum er gert kleift að rjúfa þungun á 22. viku meðgöngu. Hún var annar tveggja ráðherra sem voru fjarverandi við atkvæðagreiðsluna, þar sem hún er í útlöndum.

Ég sagði að mér myndist 22 vikur ansi langt gengið.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, dóms- og iðnaðarmálaráðherra, var einnig fjarverandi atkvæðagreiðsluna, en gerði grein fyrir afstöðu sinni í færslu á samfélagsmiðlum.

„Ég studdi frumvarpið í 2. umræðu og studdi það í anda í dag. Tímarammi sá sami – ákvörðunin þar sem hún á heima,“ sagði Þórdís.

Lilja segist hafa gert fyrirvara við málið í ríkisstjórn. „Ég sagði að mér myndist 22 vikur ansi langt gengið. En ég var ekki þarna og er ekki tilbúin til þess að fara yfir þetta akkurat núna,“ segir Lilja. – bdj

Eldvatn brúað



Stefnt er á að ný brú yfir Eldvatn í Skaftártungu verði tekin í notkun í lok sumars. Eins og sjá má á þessari mynd sem Haukur Snorrason tók eru framkvæmdir nú í fullum gangi en sjálf brúin er smíðuð í Póllandi. Nýja brúin er stálbogabrá með steypu brúargólfi. MYND/HAUKUR SNORRASON

Foreldrahús leitar að húsi

SAMFÉLAG Félagasamtökin Foreldrahús hyggjast fara í fjáröflun til að fjármagna nýtt húsnæði fyrir starfsemi. Samtökin eru nú í Bláu húsunum í Faxafeni en þurfa að flytja þaðan.

„Við höfum leigt húsnæði frá því að við höfum starfsemi okkar fyrir þremur áratugum. Það fer alltaf drjúgur hluti af okkar rekstrarfé í leigu. Nú ætlum við að ráðast í fjáröflun til að safna fé fyrir okkar eigin húsnæði,“ segir Berglind Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Foreldrahúss. Stefnt verður að því að safna áheitum í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka sem fer fram í ágúst.

Samtökin sérhæfa sig í að aðstoða foreldra barna sem eiga í vanda vegna vímuefnaneyslu. „Það er alltaf meira en nóg að gera, því miður,“ segir Berglind.

„Við viljum bara geta haldið áfram að vinna í friði án þess að hafa áhyggjur af húsaleigu og þá geta ráðið inn fleira starfsfólk.“ – ab

Eyðimerkurgöngu Íslendinga loks lokið

Eftir fjögurra ára eyðimerkurgöngu komst framlag Íslands loks upp úr undanúrslitum Eurovision. Hatari stígur á svið á laugardaginn og keppir til úrslita en Íslendingarnir stóðu sig einkar vel á stóra sviðinu í Tel Aviv í gær.

EUROVISION Hatari kom, sá og sigraði á fyrri undanúrslitakvöldinu í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í ísraelsku borginni Tel Aviv. Ekki liggur fyrir í nákvæmlega hvaða sæti íslenska framlagið, Hatari mun sigra, lenti en það var eitt þeirra laga sem komust áfram í úrslit. Seinna undanúrslitakvöldið fer fram á morgun en úrslitin ráðast svo á laugardag og er aldrei að vita nema Hatari standi uppi sem sigurvegari enda var frammistaðan í gær afar glæsileg.

Samkvæmt útsendum Fréttablaðsins í Tel Aviv, þeim Benedikt Bóas Hinrikssyni og Ingólfi Grétarsyni, sem er betur þekktur sem Góí sportrónd, var rífandi stemning á svæðinu í gær. Miðað við æfingar sem þeir hafa fengið að fylgjast með þarf ekki að koma á óvart að Hatari hafi komist áfram, enda hafa Íslendingarnir staðið sig með stakri þryði.

Þeir ræddu við Eurovision-bloggarann Deban Aderemi, sem skrifar á addáendasíðuna Wiwi-blogs. „Hatari hefur gripið augnablikið og augnablikið mun ná alla leið á lokakeppnina. Ísland, vertu tilbúið, þetta gæti orðið Reykjavík 2020,“ sagði Aderemi um íslenska framlagið.

Svo virðist sem heimsbyggðin



Hatari á sviði í Ísrael í gær. NORDICPHOTOS/AFP

» Hatari komst áfram upp úr undanúrslitunum og keppir til úrslita í Tel Aviv á laugardaginn.

með um 6.920. Íslenska lagið var svo það næstvinsælasta samkvæmt Communit360 en það ástralska vinsælast.

Ástralski flytjandinn, Kate Miller-Heidke, sagðist einmitt vera einlægur aðdáandi Hatara í samtali við Fréttablaðið í gær. „Þau eru öll frábær. Atriðið sjálft er stórsnjallt og mér finnst frábært að sjá þau í viðtölum. Það er eins og þau séu öll með bakgrunn í leiklist – þau gera þetta allt alveg upp á tíu.“

Íslendingar ættu þó ekki að byrja að fagna sigri strax enda eru veðbankar ekkert sérstaklega bjartsýnir á að Hatari taki fyrsta sætið á laugardaginn. Samkvæmt greiningu Eurovisionworld á þeim líkum sem veðbankar gefa hefur Hatari um fjögurra prósentu sigurlíkur og er lagið talið það áttunda sigurstranglegasta. Það væri þó besti árangur Íslands frá því Jóhanna Guðrún náði öðru sætinu fyrir tíu árum.

thorgnyr@frettabladid.is

Varmadælar & loftkæling



Wifi búnaður fylgir með öllum varmadælum meðan birgðir endast



Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægur slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins kr. 145.000 m.vsk

Midea KMB-E09

Max 3,4 kW

2,65 kW við -7° úti og

20° inni hita (COP 2,85)

f. íbúð ca 40m².

Umhverfisvænn kælimiðill



Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

OCTAVIA ER 60 ÁRA OG ÞÚ FÆRÐ PAKKA



ŠKODA



ŠKODA OCTAVIA – SEXTUG OG SJALDAN SPRÆKARI.

Það er ekki að ástæðulausu að Škoda Octavia hefur verið einn sá alvinsælasti hjá Íslensku þjóðinni í áratugi. Aksturseginnleikarnir, þægindin, rýmið og sparneytnin hafa einkennt Octaviuna allar götur frá því hún kom fyrst á markað. Nú bjóðum við þennan einstaka bíl með afmælisþakka; aukabúnaði sem gerir aksturinn enn skemmtilegri. Komdu og prófaðu, við hlökkum til að sjá þig!

Octavia G-Tec 
Combi / Sjálfskiptur
Verð frá **3.990.000 kr.**

Octavia
Limo / 1.6 TDI / Sjálfskiptur
Verð frá **4.090.000 kr.**




Afmælisþakki fylgir!*

- Climatronic miðstöð
- Hiti í stýri
- Hiti í framrúðu
- Fjarlægðart. hraðastillir
- Krómpakki

Að verðmæti
320.000 kr.

60
ŠKODA
OCTAVIA
60 ÁRA 1959-2019

 HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

www.skoda.is

*Gildir aðeins í takmarkaðan tíma út apríl 2019. 5 ára ábyrgð fylgir folkesíulum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

Almenningur fær ekki réttar upplýsingar um innihald matvæla

HEILSA Mælingar á innihaldsefnum íslenskra matvæla hafa ekki verið framkvæmdar í áratug. Í nágrannalöndum okkar eru slíkar mælingar framkvæmdar á hverju ári. „Í grannlöndum okkar er verið að uppfæra þessa gagnagrunna alltaf eitthvað á hverju ári. Teknar eru fyrir ákveðnar fæðutegundir árlega og til þess eru veittar ákveðnar fjárveitingar,“ segir Ólafur Reykdal, sérfræðingur hjá Matis.

Ólafur segir nauðsynlegt að

Það eru takmarkaðir fjármunir í boði og ekki skilningu á því að þetta þurfi uppfærslu

Ólafur Reykdal, sérfræðingur hjá Matis



mæla innihaldsefni matvæla svo að almenningur fái réttar upplýsingar um það hvað er í matnum sem hann borðar. Slíkar upplýsingar séu mikilvægar öllum en sér í lagi þeim sem hafa sérþarfir í mataræði. „Það eru ýmsar sérþarfir sem fólk hefur út af sjúkdómum til dæmis og þá þarf að vera hægt að átta sig á hvað mismunandi matvæli innihalda af efnem sem þarf annaðhvort að takmarka eða fólk þarf nauðsynlega á að halda í vissu magni,“ segir Ólafur og bætir

við að upplýsingarnar séu einnig mikilvægar þegar framkvæmdar séu ýmsar kannanir á matarvenjum Íslendinga.

Gagnagrunnur um innihaldsefni íslenskra matvæla, ÍSGEM, er til en hann hefur ekki verið uppfærður síðan árið 2009. Ólafur segir mikilvægt að uppfæra gagnagrunninn þar sem innihaldsefni matvæla geti breyst af ýmsum ástæðum. „Innihald í unnum matvörum getur breyst við það að uppskrift sé breytt,

það geta verið umhverfisáhrif og fæðuráhrif svo eitthvað sé nefnt. Ef fæðun er breytt þá geta innihaldsefni matvæla breyst. Jöð og fitusýrur eru góð dæmi um þetta.“

Aðspurður um hvað hamli því að gagnagrunnurinn sé uppfærður segir Ólafur ástæðuna vera skort á fjármagni. „Það hefur verið sótt um fjármagn í þetta á hverju ári en það eru bara takmarkaðir fjármunir í boði og ekki skilningur á því að þetta þurfi uppfærslu.“ – bđj

Leynd ríkir yfir sáttagreiðslu Þjóðkirkjunnar

DÓMSMÁL Þjóðkirkjan neitar að upplýsa um fjárhæð dómsáttar sem náðist við Pál Ágúst Ólafsson, fyrrverandi sóknarprest á Staðastað. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs segir lögmenn kirkjunnar telja sáttina undanþegna upplýsingalögum.

Á fundi kirkjuráðs í síðasta mánuði var lagt fram bréf frá Mörkinni lögmennsstofu til embættis biskups Íslands varðandi sáttumleitunir við Pál Ágúst. Kirkjuráð samþykkti að ganga að gagnborðinu, eins og það er orðað í fundargerð, og gera þannig dómsátt í málinu. Frá því hafði verið greint í ársbyrjun að Páll Ágúst krefði kirkjuna um alls 28 milljónir króna, meðal annars vegna leigugreiðslna, hlunnindatekna vegna dúntöku og veiðiréttar sem hann hafi orðið af, sjúkrakostnað fjölskyldunnar og skemmda á innbúi sem tengjast myglu í prestsbústaðnum á Staðastað.

Fréttablaðið óskaði eftir afriti af bréfinu sem og dómsáttinni en því hafnaði kirkjuráð. Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, vill af þeim sökum ekki upplýsa hversu há sáttagreiðslan er.

Páll Ágúst, sem lagt hefur kirkjuna í þeim málaferlum sem hann hefur sótt undanfarin misseri, kveðst sömuleiðis ekki geta tjáð sig um sáttina. „Það er mín trú að allir aðilar málsins séu reynslunni ríkari og muni læra af. Við horfum bara björtum augum til framtíðar.“ – smj

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Dómsmálaráðuneyti með mál Erlu Bolladóttur til skoðunar

Forsætisráðherra hefur óskað eftir því við dómsmálaráðuneytið að mál Erlu Bolladóttur verði tekið til sérstakrar skoðunar. Erla var sú eina af dómfellnum í Guðmundar- og Geirfinnsmálum sem fékk mál sitt ekki endurupptekið. Það eru ekki góð örlög málsins að hún sitji ein á sakamannabekk að mati Erlu.

DÓMSMÁL „Ég hef hitt Erlu og ég hef óskað eftir því við dómsmálaráðuneytið að það skoði hennar mál sérstaklega,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Stórsáttanefndar um Guðmundar- og Geirfinnsmál voru rædd í ríkisstjórn í gær.

Erla Bolladóttir er sú eina hinna dómfelldu sem ekki fékk mál sitt endurupptekið síðastliðið haust. Hún var sakfelld fyrir rangar sakargiftir með því að hafa sammælt um það með Kristjáni Viðari Júlíussyni og Sævari Marínó Ciesielski að ef spjótin færu að beinast að þeim vegna hvarfs Geirfinns myndu þau bera sakir á svokallaða Klúbbmenn. Dómur þeirra þriggja fyrir rangar sakargiftir stendur enn þótt sýknað hafi verið af aðild að hvarfi Geirfinns.

Erla átti ellefu vikna dóttur þegar hún var handtekin í desember 1975. Hún sat í gæsluvarðhaldi í 239 daga vegna málsins, henni voru gefnar sannleikssprautur til að hjálpa henni við að rifja upp atburði og gerð var tilraun til að dáleida hana.

Gæsluvarðhaldsvistin og langar yfirheyrslur fóru illa með Erlu og útilokuðu að mark væri takandi á framburði hennar, að mati Gísla Guðjónssonar réttarsálfræðings, eins og fjallað er um í skýrslu starfshóps dómsmálaráðherra um málið.

Erla játaði á sig ýmis afbrot meðan á gæsluvarðhaldinu stóð, meðal annars að hafa skotið Geirfinn með riffli. Þá nefndi hún fjölmarga mögulega vitorðsmenn, þeirra á meðal þáverandi dómsmálaráðherra Ólaf Jóhannesson.

„Ég lýsti því á fundi mínum með



Erla á leið úr dómsal eftir sýknuðoma í Hæstarétti síðastliðið haust. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ef einhverjir eiga að sitja á sakamannabekk vegna þessa máls, þá eru það aðrir en við.

Erla Bolladóttir

forsætisráðherra eftir að sýknuðómur féll í Hæstarétti að ég vildi að yfirvöld lýstu því yfir með afgerandi hætti að við sem sakfelld vorum á sínum tíma ættum enga sök á því sem gerðist. Ekkert okkar,“ segir Erla.

Hún segist ekki hafa heyrt um að málið sé til skoðunar í dómsmálaráðuneytinu en veltir því fyrir sér.

„Vill fólk ljúka þessu máli með því að innsigla að tvítug stúlka með nýfætt barn hafi borð ábyrgð á þeim darraðardansi sem upphófst í dómsmálakerfinu í desember 1975? Að hún beri ekki aðeins þá sök að aðrir menn voru sviptir frelsi heldur einnig þær sakir sem lögreglu- og dómsvald landsins varð uppvíst að í þessu máli,“ segir Erla og bætir við:

„Því staðan er sú að eina manneskjan í heiminum sem er sek fund-

in um Guðmundar- og Geirfinnsmál í dag er ég. Aðrir sem sakfelldir voru hafa verið sýknaðir og þeir sem sviptu okkur frelsi, pyntuðu árum saman og sakfelldu okkur á endanum hafa aldrei verið spurðir út í hegðun sína í þessu máli, með einni undantekningu sem þó opinberaði óheildarleika þeirra,“ segir Erla.

„Mér sviður sú framkoma gagnvart íslensku samfélagi ef stjórnvöld vilja skilja svona við málið. Ef einhverjir eiga að sitja á sakamannabekk vegna þessa máls, þá eru það aðrir en við.“ adalheidur@frettabladid.is

ÓÐALSOSTUR

TIGNARLEGUR

Óðalsostur hefur verið á borðum landsmanna frá árinu 1972. Fyrirmynd hans er Jarlsberg, frægasti ostur Norðmanna. Óðalsostur er mildur með örlítinn möndlukeim og skarpa, sæta, grösuga tóna. Frábær á morgunverðarborðið, hádegislaðborð eða bara einn og sér.



www.odalsostar.is

Framúrskarandi vandaðir.



Hyundai Santa Fe Comfort

Dísil, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn
Verð frá: 7.790.000 kr.

Hyundai Tucson Classic

Dísil, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn
Verð frá: 4.990.000 kr.

Hyundai KONA Comfort

Bensín, sjálfskiptur, framhjóladrifinn
Verð frá: 4.190.000 kr.
Einnig fáanlegur sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Nýr Hyundai er engum öðrum líkur.

Nýju fjórhjóladrifsbílarinn frá Hyundai eru einstakir. Glæsileg ný hönnun, ríkulegur staðalbúnaður og framúrskarandi áreiðanleiki er það sem hefur skipað Hyundai í hóp vinsælustu bíla landsins.

Komdu og prófaðu nýjan Hyundai í dag. Salurinn er fullur af nýjum fjórhjóladrifnum bílum og sölumennirnir með fjölda freistandi tilboða við allra hæfi.



Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Tugir milljóna úr skúffum ráðherra

Ráðherrar ríkisstjórnarinnar veittu alls 35,6 milljónir króna af skúffufé sínu í fyrra. Enginn útteildi meira fé en ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar.

RIKISSJÓÐUR Ráðherrar ríkisstjórnarinnar útteildu alls 35,6 milljónum króna af ráðstöfunarfé sínu til styrktar hinum ýmsu verkefnum og málefnum í fyrra. Enginn veitti meira af skúffufé sínu en ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Tveir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins nýttu ekkert af ráðstöfunarfé sínu.

Þetta kemur fram í svörum allra ráðuneyta við fyrirspurn Fréttablaðsins þar sem óskað var eftir sundurliðuðu yfirliti yfir ráðstöfun hvers ráðherra á skúffufé hans í fyrra og það sem af er þessu ári.

Þótt til séu verklagsreglur um ráðstöfunarfé ráðherra í hverju ráðuneyti eru engar samræmdar reglur til um þessar úthlutanir. Skúffufé ráðherra hefur í gegnum tíðina margoft verið gagnrýnt, meðal annars fyrir ógagnsæi og að með því geti ráðherrar dælt út ríkisfé að eigin geðþótta eftir hugðarefnum.

Í hverjum fjárlögum er ákveðin upphæð eyrnamerkt liðnum ráðstöfunarfé ráðherra en einnig hefur verið heimilt að flytja afgang frá árinu áður til þess næsta. Hverjum



Ráðherrar ríkisstjórnarinnar veittu 35,6 milljónir króna af skúffufé sínu á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

☞ Ráðstöfunarfé ráðherra

Guðmundur Ingi Guðbrandsson

umhverfis- og auðlindaráðherra	
2018	2,8 milljónir
2019	1,1 milljón

Lilja Alfreðsdóttir

mennta- og menningarmálaráðh.	
2018	5,2 milljónir
2019	350 þúsund

Sigríður Andersen

dómsmálaráðherra	
2018	0
2019	0

Svandís Svavarsdóttir

heilbrigðisráðherra	
2018	3,2 milljónir
2019	850 þúsund

Sigurður Ingi Jóhannsson

samgöngu- og sveitarstjórnarráðh.	
2018	3,1 milljón
2019	1,45 milljónir

Katrín Jakobsdóttir

forsætisráðherra	
2018	2,4 milljónir
2019	530 þúsund

Bjarni Benediktsson

fjármála- og efnahagsráðherra	
2018	880 þúsund
2019	0

Kristján Þór Júlíusson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðh.	
2018	3,4 milljónir
2019	2,5 milljónir

Styrkveitingar 2018 og það sem af er 2019

Guðlaugur Þór Þórðarson

utanríkisráðherra	
2018	0
2019	0

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir

ferðamála-, iðnaðar- nýsköpunarr.	
2018	11,5 milljónir
2019	11,1 milljón

Ásmundur Einar Daðason

félags- og barnamálaráðherra	
2018	3,1 milljón
2019	0

Samtals

2018	35,6 milljónir
2019	18,28 milljónir

sem er er heimilt að senda inn umsókn um styrk til ráðherra.

Mest á milli handanna höfðu ráðherrar atvinnuvega og nýsköpunar, þess viðamikla ráðuneytis. Samkvæmt svari ráðuneytisins höfðu Kristján Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, 11,5 milljónir hvort. Þórdís Kolbrún fullnýtti skúffufé sitt í fyrra sem og það sem af er ári og hefur því útteilt 23 milljónum á þessu rúma ári. Kristján Þór hefur á sama tímabili veitt 5,9 milljónir í styrki, þar af 3,4 milljónir í fyrra. Starfshópar voru skipaðir til að fara yfir styrkum-sóknir í þessu tiltekna ráðuneyti.

Sem fyrr segir nýttu allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar sér heimild sína til að útteila styrkjum til verkefna nema Sigríður Á. Andersen, fyrrverandi dómsmálaráðherra, og Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra.

„Guðlaugur Þór ákvað á fyrstu dögum sínum í embætti utanríkisráðherra að hann myndi ekki ganga á ráðstöfunarfé ráðherra,“ segir Sveinn H. Guðmarsson, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins. Guðlaugur Þór hefur því ekki veitt neina styrki frá ársbyrjun 2017. Þrátt fyrir að tveir ráðherrar sætu hjá voru úthlutanir hærrí í fyrra en árið 2016 þegar ráðherrar veittu 31,5 milljónir úr skúffum sínum. Nánari útlistun á hverjum einasta skúffufjárstyrki í fyrra má finna í töflu með þessari frétt á vef okkar, Fréttablaðið.is. mikael@frettabladid.is



15. - 22. maí

Vinnufatalagersala

Vinnufataverslun 66°Norður – Miðhrauni 11

30-90%

afsláttur af
völdum vinnufatnaði

Opnunartímar
Virkir dagar: 08 - 18 | Laugardagur: 11 - 18



Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hafnar ásökunum um tvískinnung vegna innflutnings á kjöti

LANDBÚNAÐARMÁL Forstjóri Sláturfélags Suðurlands hafnar alfarið málflytningu Félags atvinnurekenda um að það felist tvískinnungur í að flytja inn kjöt og vara við innflutningi. Líkt og greint var frá í gær gagnrýndi Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekanda, málflytning „Hóps um örugg matvæli“. Benti hann á þá staðreynd að nokkrir af aðstandendum auglýsingaferðarinnar væru einnig stórtækir kjötinnflytjendur. „Tvískinnungur af þessu tagi er alls ekki trúverðugur,“ sagði Ólafur.

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, segir Ólaf draga ranga ályktun. „Fullyrða má að það sé hagur afurðastöðva og innlends landbúnaðar að Ísland sé sjálfu sér nægt og ekki sé flutt inn kjöt. En svona er staðan ekki. Ísland hefur gert tollasamninga við Evrópusambandið sem leyfir verulegan innflutning á kjöti. Þetta kjöt verður flutt inn hvort sem mönnum líkar betur eða verr,“ segir Steinþór.

„Innflutt kjöt er ekki allt eins. Það er mikill munur á lyfjanotkun og aðstæðum til kjötframleiðslu innan Evrópusambandsins en tollasamningur Íslands við ESB gerir engan greinarmun á því hvaðan kjötið kemur.“

Hann segir þær afurðastöðvar sem hann þekki til stunda ábyrgan innflutning og velja að flytja inn kjöt frá löndum þar sem lyfjanotkun er í lágmarki og því heilnæmara kjöt en hægt væri að kaupa annars staðar innan ESB á lægra verði.

Mikilvægt sé að innlend stjórnvöld móti stefnu og geri kröfur um hámark lyfjanotkunar gagnvart erlendum aðilum sem hingað vilja flytja kjöt í ljósi þess að sýklalyfjaónæmar bakteríur séu ein helsta heilsufarsógn mannkyns. „Eftir því sem fólk neytir meira af kjöti eða annarri matvöru sem inniheldur sýklalyfjaónæmar bakteríur, þeim mun líklegri er að viðkomandi þrói með sér slíkt ónæmi. Það er því ástæða til að hafa áhyggjur af auknum innflutningi kjöts.“ – ab



Way of Life!

SUZUKI VITARA

FYRIR SUMAR, VETUR, VOR OG HAUST

FJÓRHJÓLADRIFINN, SJÁLFSKIPTUR EÐA BEINSKIPTUR



VERÐ FRÁ KR.
4.090.000

Suzuki Vitara er búinn að sanna ágæti sitt við íslenskar aðstæður. Með útlitsbreytingar sem gera hann enn glæsilegri.

Komdu og kynntu þér breyttan og betri Suzuki Vitara.

ALLGRIP

4WD All-grip tryggir öryggi í akstri og gott veggrip við erfiðar aðstæður. Þú kemst alla leið!

Það er alltaf Suzuki veður!

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Nýkjörnir þingmenn áfram í fangelsi

Ákærðir Katalónar, nýkjörnir á spænska þingið, fá að sækja innsetningarathöfn en þurfa svo að mæta aftur í fangelsi. Hæstiréttur hafnar kröfu um að réttarhöldum verði frestað þar til þingið gefur samþykki á grundvelli nýfenginnar þinghelgi. Deilt við dómarrann í Madrid.

SPÁNN Þeir fimm Katalónar sem réttad er yfir um þessar mundir fyrir uppreisn, uppreisnaróður og aðra glæpi og náðu kjöri á spænska þingið í lok apríl fá að fara úr fangelsi til þess að sækja innsetningarathöfn þann 21. maí. Svo úrskurðaði hæstiréttur Spánar í gær. Katalónarnir þurfa hins vegar að mæta aftur í gæsluvarðhald að athöfn lokinni en þeir hafa verið á bak við lás og slá í meira en ár.

Katalónarnir sem um ræðir eru fyrrverandi ráðherrarnir Oriol Junqueras, Raül Romeva, Jordi Turull og Josep Rull ásamt aðgerðasinnanum Jordi Sanchez. Þeir eru, auk sjö annarra, ákærðir fyrir ýmsa glæpi í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslu og yfirlýsingu Katalóna um sjálfstæði haustið 2017.

Sækjendur krefjast mislangra fangelsisdóma yfir ákærðu. Þyngstu mögulegu refsingar krefst lög-



Oriol Junqueras, nýkjörinn þingmaður, í dómalsal í febrúar ásamt öðrum sakborningum. NORDICPHOTOS/AFP

maður öfgaflokksins Vox, allt að 74 ára fyrir meðal annars skipulagða glæpastarfsemi. Ríkissaksóknari krefst allt að 12 ára fyrir uppreisnaróður og saksóknari dómsmálaráðuneytisins allt að 25 ára fyrir uppreisn.

Lögmenn fimmtenninganna fóru fram á það síðasta miðvikudag að hinir nýkjörnu þingmenn yrðu leystir úr haldi svo þeir gætu sinnt þessu nýja starfi og að réttarhöldunum yrði frestað þar til hæstiréttur fengi leyfi frá þinginu til að halda réttarhöldum áfram. Báru fyrir sig nýfengna þinghelgi.

Á þetta féllst hæstiréttur ekki. Dómstóllinn hafði áður hafnað

kröfum um að öll tólf ákærðu yrðu leyst úr haldi. Þessar hafnanir eru til komnar þar sem dómarrar telja að hætta sé á að ákærðu flýi land. Sú afstaða grundvallast á því að Carles Puigdemont, forseti héraðsstjórnarinnar haustið 2017, og aðrir ráðherrar flúðu til Belgíu skömmu áður en ákærur voru gefnar út.

Sanchez, Rull og Turull hafna því alfarið að stíga til hliðar og ætla sér að halda sætum sínum á þingi, að því er heimildarmaður innan framboðs þeirra, Sameinuð fyrir Katalóníu (JxCat), sagði við Reuters í gær.

Landskjörstjórn færði fyrrnefndum Junqueras einnig slæmar fréttir

í gær. Þessi fyrrverandi varaforseti Katalóníuhéraðs leiðir Evrópuþingsframboð átta flokka sem berjast fyrir sjálfstæði frá Spáni í Evrópuþingskosningum sem fara fram þann 26. maí. Kjörstjórn í Barcelona hafði gefið leyfi fyrir því að Junqueras og Toni Comín, fyrrverandi ráðherra sem er í sjálfskipaðri útleið í Belgíu, fengju að taka þátt í sjónvarpskappæðum sem fram fóru í gærkvöld. Þessu mótmæltu fangelsisyfirvöld á þeim grundvelli að það myndi raska starfsemi fangelsisins að koma upp myndsimtalsbúnaði fyrir Junqueras og ákvað landskjörstjórn því að meina honum að taka þátt í kappæðunum. thorgnyr@frettabladid.is

Deilt við dómarrann

Réttarhöldin í Madrid halda áfram. Þar máluðu vitni mynd af störfum spænsku lögreglunnar.

Sækjendur og verjendur hafa frá því fyrir réttarhöld deilt um beitingu ofbeldis í kringum sjálfstæðisatkvæðagreiðsluna. Verjendur hafa sagt sakborninga ekki hafa staðið fyrir neinu slíku og þar með sé ekki hægt að sakfella fyrir uppreisn eða uppreisnaróður heldur hafi spænska lögreglan staðið fyrir eina ofbeldinu í kringum kosningarnar. Sækjendur hafa hins vegar haldið því fram að ákærðu hafi kynt undir ofbeldi af hálfu almennra borgara.

Skemmtikrafturinn Jordi Pesarrodona sagði lögreglu hafa gengið í skrokk á sér á kjördag. Spænskir lögregluþjónar hafi barið hann í klofið með kylfum.

Til illdeila kom á milli Benet Salellas, verjanda aðgerðasinnans Jordis Cuixart, og Manuel Marchena dómara þegar heimspækingurinn Marina Garcés gaf vitnisburð. Marchena stöðvaði Garcés þegar hún kallaði atkvæðagreiðsluna „magnaða“ og sagði tímásóun að hlusta á persónulegar skoðanir hennar. Salellas mótmæltu þessu og sagði nauðsynlegt að hlýða á skoðanir vitna rétt eins og dómarrar hlustuðu á skoðanir lögregluþjóna.

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



BMW 640 D Grand Coupe

Nýskr. 5/2014, ekinn 23 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 7.990.000 kr.

Rnr. 420044.



LAND ROVER Discovery Sport HSE

Nýskr. 7/2015, ekinn 46 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 5.690.000 kr.

Rnr. 145166.



RANGE ROVER EVOQUE HSE

Nýskr. 10/2016, ekinn 16 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 6.890.000 kr.

Rnr. 400181.



RANGE ROVER SPORT

Nýskr. 5/2017, ekinn 61 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 10.900.000 kr.

Rnr. 103855.



LAND ROVER Discovery 5 SE

Nýskr. 5/2017, ekinn 48 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 10.890.000 kr.

Rnr. 420016.



RANGE ROVER VELAR SDV6

Nýskr. 9/2017, ekinn 15 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 14.990.000 kr.

Rnr. 420083.



RANGE ROVER SPORT HSE Dynamic

Nýskr. 3/2017, ekinn 30 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 14.490.000 kr.

Rnr. 420077.



JAGUAR F-PACE PORTFOLIO

Nýskr. 12/2017, ekinn 26 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 8.990.000 kr.

Rnr. 420065.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðiferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálsl 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

Ella's kitchen

100%
lífræn



Audvelt að
grípa í

Engin
aukaefni

Gómsæt og
ljúffeng



Blekking



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Fjölmiðlafrumvarp menntamálaráðherra mun engu breyta fyrir stærstu fjölmiðla landsins. Að halda slíku fram er fjarstæða. Ætlað framlag ráðherrans til einkamiðla í landinu nær því varla að vera 5% þeirrar forgjafar sem RÚV nýtur á ári hverju.

Er ekki eitthvað bogið við það? Ráðherrann lét hafa eftir sér um helgina að fjölmiðlafrumvarpið, sem nú liggur fyrir fullklárað, miði að því að styrkja rekstrarumhverfi fjölmiðla. Staðreyndin er sú að frumvarpið mun engin áhrif hafa á starfsemi á þessum markaði önnur en þau að hvetja til stofnunar örmiðla. Þar hefur hins vegar verið mikil gróska undanfarnin ár, og ekkert sem bendir til þess að ríkisadstoð þurfi til að hjálpa enn frekar til.

Ráðherra gagnrýni skrif Fréttablaðsins um frumvarpið á þessum vettvangi í fyrrnefndu viðtali og vísaði allri gagnrýni á bug. Þrátt fyrir að ráðherra óskaði umsagna hagsmunaaðila, sem lögð var mikil vinna í, voru þær umsagnir hundsáðar. Frumvarpið er því sem fyrr „hvorki fugl né fiskur“ og samráð við hagsmunaaðila var til málamynda.

Ráðherra segir að verið sé að vinna að því að færa fjölmiðlaumhverfi á Íslandi nær því sem er á hinum Norðurlöndunum. Þessi setning er óskiljanleg. Ráðherra hlýtur að vita líkt og við hin, að á Norðurlöndum eru ríkisfjölmiðlar ekki á auglýsingamarkaði? Hlutverk stjórnámalanna hlýtur að vera að velta fyrir sér hlutverki ríkisfjölmiðils á 21. öldinni, og sníða miðlinum þann stakk að einkamiðlarnir fái að vaxa og dafna í friði fyrir ríkisvaldinu.

Sem fyrr er algerlega litið fram hjá draugnum í herberginu. Rekstrarumhverfi einkamiðla verður ekki lagað án þess að tekið sé á yfirburðastöðu RÚV. Ráðherrann skilar einfaldlega auðu. Óljós fyrirheit um endurskoðun á hlutverki RÚV í greinargerð með frumvarpinu eru þar í besta falli til málamynda. Hin vandræðalega staðreynd er sú að ráðherrann hefur eytt stórum hluta af embættistíma sínum í að smíða frumvarp þar sem ekki er ráðist að rót vandans.

Á þessum vettvangi hefur áður verið bent á að fráleitt sé að auka framlög til fjölmiðla, nær væri að endurúthluta þeim fjármunum sem þegar er varið til RÚV. Til að mynda mætti byrja á því að veita einum milljarði af útvarpsgjaldinu til einkamiðla. Þá yrði þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði takmörkuð við einn milljarð á ári. Það væri skref í rétta átt.

Einu fjölmiðlarnir á Íslandi sem keppa við RÚV af einhverju afli eru Fréttablaðið, Sýn og Morgunblaðið. Ráðherrann blekkir þjóðina, þegar hún heldur því fram að 50 milljónir jafni leik við RÚV sem fær 4,7 milljarða árlega beint frá skattborgurum, að viðbættum þeim 2,3 milljörðum sem stofnunin sækir árlega á auglýsingamarkaði.

Meint björgunaraðgerð Lilju er bútasumur. Plástrálækning sem mun engu skila.



Meint björgunaraðgerð Lilju er bútasumur. Plástrálækning sem mun engu skila.

Grímur og skraut

Fyrir árshátíðina

Helium frá 2990

Hokus Pokus

19

www.hokuspokus.is

Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Halldór



Frá degi til dags

(And)kapítalisminn

Afstaða Hatara gegn kapitalisminum er nokkuð vel þekkt hér á landi. „Þannig hyggjumst við knésetja kapitalið en selja eftir vill nokkra boli í leiðinni,“ sagði Matthías Tryggvi Haraldsson Hataraliði til dæmis við Fréttablaðið í febrúar. Þegar litið er yfir auglýsingar íslenskra fyrirtækja undanfarna daga má hins vegar sjá skýrt og greinilega að kapitalisminn lætur sér ekki segjast. Þannig hefur mátt sjá fjölmörg fyrirtæki skreyta auglýsingar sínar með BDSM-varningi, vísa í nafn lagsins og sveitarinnar og svo framvegis. „Hrísíð mun sigra,“ sagði til að mynda í auglýsingu frá Freyju þar sem sjá mátti gaddaskreyttan sælgætis-poka.

Rétti tíminn

Mikilvægt er að tímasetja fréttatilkynningar vel svo að þær veki sem mesta athygli. Til að mynda ætti fæstum að detta í hug að senda út tilkynningu þegar Eurovision hófst fyrir korteri. En það er nákvæmlega það sem Orkan okkar gerði í gærkvöldi þegar hún sendi út tilkynningu um undirskriftasöfnun gegn þriðja orkupakknum. Annað sem vafðist fyrir Orkufólki var munurinn á tæplega og rúmlega. Þar voru 13.480 undirskriftir sagðar tæplega 14.000. Litla stærðfræðikunnáttu þarf að hafa til að sjá að fjöldinn er nær 13.000. thorgnyr@frettabladid.is

Grunnstöð samfélagsins



Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra

Í dag er alþjóðlegur dagur fjölskyldunnar en Sameinuðu þjóðirnar tileinka 15. maí ár hvert málefnum hennar. Astæðan er sú að þótt fjölskyldur séu jafn ólíkar og þær eru margar eru þær grunnstöð samfélagsins og erfitt að finna aðra einingu innan þess sem gegnir jafn þýðingarmiklu og flóknu hlutverki.

Í ár leggja Sameinuðu þjóðirnar sérstaka áherslu á mikilvægi fjölskyldunnar þegar kemur að aðgerðum í loftslagsmálum en undanfarið hafa loftslagsbreytingar af mannavöldum verið í brennidepli. Stór verkefni eru fram undan til að Ísland nái markmiðum sínum í þeim efnum og ljóst að þeim verður ekki náð nema með átaki samfélagsins í heild. Þar hefur ekki skort þátttöku íslenskra barna og unglunga sem meðal annars hafa skipulagt loftslagsverkföll á Austurvelli og víðar um landið síðustu mánuði. Þrátt fyrir að kolefnisfótspor hverrar fjölskyldu sé lítið í stóra samhenginu er ljóst að fjölskyldur landsins munu í sameiningu gegna risastóru hlutverki í baráttunni fram undan.

Á flóknum tímum sem þessum, í bland við hraða og annriki nútímans, eru þannig gerðar sífellt meiri kröfur til fjölskyldna. Eitt mikilvægasta verkefni þeirra er uppeldi og umönnun barna en fjölskyldan er best til þess fallin að veita barni þá ást og það öryggi sem það þarf til þess að verða á fullorðinsaldri virkur þátttakandi í samfélaginu. Það er svo aftur ekki aðeins hagar hverrar fjölskyldu heldur samfélagsins alls. Þetta mikilvæga verkefni er hins vegar allt annað en auðvelt. Við hvert fót má bida foreldra og barna þeirra nýjar hindranir og áskoranir, miseríðar. Við þurfum öll á aðstoð að halda á einhverjum tímamarki. Til þess að vel takist til þurfum við að búa til samfélag sem veitir hana þegar hennar er þörf og styður betur við þessa dýrmætustu einingu okkar, fjölskylduna. Það er einmitt á meðal markmiða heildarendurskoðunar á þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra sem nú stendur yfir í félagsmálaráðuneytinu í samvinnu þvert á ráðuneyti, við Samband íslenskra sveitarfélaga og með liðsinni þingmanna úr öllum flokkum. Í þágu barna, fjölskyldna og samfélagsins alls – enda leiða sterkar fjölskyldur til betri framtíðar fyrir alla. Til hamingju með daginn!



Til þess að vel takist til þurfum við að búa til samfélag sem veitir þessa aðstoð þegar hennar er þörf og styður betur við þessa dýrmætustu einingu okkar, fjölskylduna.

Bílastæðin skipta máli



Jökull Sólberg
Auðunsson
ráðgjafi

Í Reykjavík eru 104 þúsund skráðar fólksbifreiðar og 176 þúsund bílastæði skráð á Bílastæðasjá. Í miðbænum rekur Bílastæðasjóður sjö bílastæðahús með 1.086 bílastæðum. Þegar greinin er rituð um laugardagseftirmiðdegi eru 63% þeirra stæða laus. Utandyra er 3.671 gjaldskylt bílastæði. Ofan á þetta bætast einkarekin bílastæðahús, til dæmis í Hörpu (454), Höfðatorgi (1.300) og Hafnartorgi (1.160). Bílastæði taka hvorki meira né minna en 25,8% af landsvæði Reykjavíkur og skráðum bílum fjölgar hraðar en íbúum í Reykjavík.

Tilgangur bílastæða er að geyma bíla þegar þeir eru ekki í notkun. Því nær áfangastað farþega, því hentugra, þar sem það dregur úr þörf fyrir göngu og styttr heildarferðatíma. Bílastæðin sem eru næst inn-göngum fyllast yfirleitt fyrst og öku-menn fórna oft eigin tíma og akstri til að freista þess að næla sér í eitt slíkt stæði í stað þess að leggja lengra í burtu. Það er fátt sem gleður augað fyrir gangandi á ferð um bílaplön og ekki hjálpar mengun, hávaði og umferð þeirra sem hafa ekki gómað gott stæði. Fólk hreinlega dýrkar að fá gott bílastæði, sérstaklega fyrir framan World Class í Laugum.

Fólksbifreiðar sitja ónotaðar 95% af líftíma sínum. Bílastæðaþörfin hefur þó meira með þægindin að gera; þ.e. hversu líklegt það er að laust bílastæði sé nálægt áfanga-stað bílstjórans — sem er yfirleitt inngangur ýmiss konar bygginga. Þess vegna eru 1,7 bílastæði á hvern skráðan bíl í Reykjavík. Að auki þarf Reykjavík að taka á móti bílum frá nærliggjandi bæjarfélögum oftar en þau taka á móti bílum frá Reykjavík. Þetta ferðamynstur orsakast af fjölda fjölmennra vinnustæða í Reykjavík og hvað íbúðabyggð hefur þanist út í jadar höfuðborgar-svæðisins.

Ég bý í Barmahlíð. Hverfið markast af Bústaðavegi, Miklubraut, Kringlumýrarbraut og Hlíðarenda. Á þessu svæði búa 4.294 manns í 1.610 íbúðum. Hér er pláss fyrir 440 bíla í bílskúrum og 3.303 bílastæði utandyra. Íbúðirnar telja 173 þúsund fermetra. Hér er grunnskóli, leikskóli, skrifstofukjarni við Hlíðarenda, kjörbúð, gleraugnabúð og hárgreiðslustofa. Með öðrum orðum, dæmigert hverfi í Reykjavík þegar litið er til þéttleika og skipulags. Ef við gerum ráð fyrir að eitt bílastæði utandyra sé 14,5 fermetrar dekkja bílastæði um 7% af landsvæði hverfisins. Þar eru ekki taldir fermetrar fyrir innkeyrslur, bílskúra og annað svæði sem mótast hefur að kröfum kyrrstæðra bifreiða. Heil 48% af landsvæði Reykjavíkur eru helguð umferðarmannvirkjum með einum eða öðrum hætti; vegir, hraðbrautir, bílastæði, veghelgunarsvæði, mislæg gatnamót og annað sem styður ferðir borgarbúa.

Nú stendur til að fækka bílastæðum í borginni. Það er ekki Bjóssi í World Class sem vill að fólk hiti upp með rösklegri göngu heldur eru það borgaryfirvöld sem sjá tækifæri til að nýta landsvæði betur. Hlutdeild hjólandi hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Aukin hjóla-menning kallar á endurskoðun á hönnun gatna með öryggi allra að sjónarmiði. Samkvæmt úttekt Vegagerðarinnar eru alvarlegustu slys hjólandi á gatnamótum þar sem kyrrstæðir bílar aðskilja umferð bíla og gangandi. Í mörgum tilfellum ætti sá sem hjólar að vera bílmegin við bílastæðin, þ.e.a.s. „í umferðinni“, en margir treysta sér síður í þær

aðstæður. Slysinn sem um ræðir eiga sér þannig stað að hjól þverar veg á milli gangbrauta en bíll beygir inn í götuna, ökumaður sér ekki þann sem hjólar fyrir kyrrstæðum bílum og ekur í veg fyrir hjólið. Á götum sem þessum má fórna bílastæðum í staðinn fyrir auka akrein, hjóla-stíg, bæta við gróðri eða víkka gangbrautir.

Snorrabraut er gott dæmi um hönnun á götu sem gæti breyst við lokun þeirra 90 bílastæða sem liggja meðfram akreinum. Á móti væri hægt að skipuleggja öruggari og vist-



Skjaskot úr bílastæðavefsjóni.

vænni götu án grindverka og kyrrstæðra bíla. Þetta er gata þar sem bílar keyra oft yfir hámarks hraða sem er 50 km/klst. og skapa hættu

fyrir börn sem sækja Austurbæjar-skóla líkt og við Hringbraut þar sem íbúar börðust fyrir hægari umferð eftir alvarlegt slys fyrr á árinu. Það eru oft kyrrstæðir bílar sem gefa bílstjórum þá tilfinningu að lítið mannlíf sé í götunni og óhætt sé að auka hraðann.

Fyrsta stigs áhrif lokunar bílastæða eru vistvænni og betur skipulagðar götur. Bílstjórar, sem eru í mörgum tilfellum íbúar í nærliggjandi íbúðum, þurfa þá að jafnaði að leggja á sig fleiri spor þegar þeir sækja þetta svæði. En annars stigs áhrif lok-

unar eru enn áhugaverðari. Þegar götur styðja betur hjól, gangandi og almenningssamgöngur þá fækkar bílferðum á svæðinu. Fleiri sjá sér hag í að taka strætó, hjóla og ganga. Þannig dregur að lokum úr umferð við það eitt að loka bílastæðum og bílstjórar sem voru komnir í harðari samkeppni um færri stæði hafa að lokum færri bíla til að keppa við.

Það er að jafnaði nóg af stæðum í borginni. Lokum stæðum þar sem kyrrstæðir bílar eru í vegi fyrir betri og öruggari borg. Höfum í huga hverju er fórnað fyrir bílinn.



FRUMKVÖÐLA
AUÐUR

Auglýsir eftir umsóknum um styrki

FrumkvöðlaAuður er sjálfseignarstofnun sem hefur það að markmiði að hvetja ungar konur til frumkvæðis og athafna.

Sjóðurinn var stofnaður árið 2009 og er úthlutað úr sjóðnum 19. júní ár hvert.

Stjórn sjóðsins skipa: Kristín Pétursdóttir formaður, Lára Jóna Björnsdóttir og Íris Arna Jóhannsdóttir.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2019.

Úthlutun fer fram 19. júní 2019.

Vinsamlega sendið umsóknir rafrænt á netfangið frumkvodlaaudur@kvika.is

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á kvika.is/hvatningarsjodir

– Stjórn FrumkvöðlaAuðar –

KVÍKA

Kvika er sérhæfður banki sem er leiðandi í eignastýringu og fjárfestingastarfsemi

kvika.is

Selfoss tók forystuna á móti Haukum

Selfoss komst 1-0 yfir í einvígi sínu við Hauka um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta karla með 27-22 sigri í leik liðanna í Schenker-höllinni í gærkvöldi. Lið Selfoss sem hefur aldrei orðið meistari lék síðast til úrslita árið 1992. Sólvi Ólafsson var frábær í marki Selfoss. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nýjast**Olisdeild karla****Haukar - Selfoss 22-27**

Haukar: Daniel Þór Ingason 7, Atli Már Báruson 6, Heimir Óli Heimsson 4, Einar Pétur Pétursson 2, Adam Haukur Baumruk 1, Tjörvi Þorgeirsson 1, Ásgeir Örn Hallgrímsson 1.

Varin skot: Grétar Ari Guðjónsson 15 skot.

Selfoss: Elvar Örn Jónsson 6, Hergeir Grímsson 5, Árni Steinn Steinþórsson 4, Haukur Þrastarson 3, Atli Ævar Ingólfsson 3, Alexander Már Egan 2, Nökkvi Dan Elliðason 2, Guðni Ingvarsson.

Varin skot: Sólvi Ólafsson 26/3 skot.

Selfoss er þar af leiðandi kominn 1-0 yfir í einvígi liðanna um Íslandsmeistaratitilinn.

Pepsi Max-deild kvenna**Valur - Stjarnan 1-0**

1-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (29).

Efri	Neðri	
Breiðablik	9	HK/Víkingur 3
Valur	9	ÍBV 3
Þór/KA	6	Selfoss 3
Stjarnan	6	KR 0
Fylkir	6	Keflavík 0

Mjólkurbikar kvenna**FH - ÍA 0-1****Próttur - Haukar 3-1**

RENAULT ZOE

PRÓFAÐU 100% RAFBÍL Í 24 TÍMA!


RENAULT
Passion for life

Renault ZOE – verð: 3.790.000 kr. TIL AFGREIÐSLU STRAX!

Hafðu samband við sölumenn Renault og tryggðu þér 100% rafdrifinn ZOE til reynslu í 24 tíma. Renault ZOE hefur algjöra sérstöðu í þessum stærðarflokki rafbíla með 300 km uppgæfið drægi.* ZOE er að auki, eins og aðrir nýir Renault bílar, með ríkulegan staðalbúnað. Taktu græna skrefið og prófaðu Renault ZOE 100% rafbíl.

*Uppgæfið drægi miðast við WLTP staðal.

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



MARKAÐURINN

Miðvikudagur 15. maí 2019

19. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




ROLEX

OYSTER PERPETUAL
DATEJUST 41





MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR


Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

 Það þarf að fara aftur til ársins 2011 til að finna jafn slakan aprilmánuð.

Björn Ragnarsson,
framkvæmdastjóri
Kynnisferða

Lífið eftir WOW

Ferðabjónustan finnur fyrir falli WOW air. Framkvæmdastjóri Kynnisferða segir samdráttinn í apríl hafa numið 34 prósentum. Víða ers byrjað að ræða samvinnu og samruna til að lifa af í breyttu rekstrarumhverfi. » 6-7

 Fyrir Eldey er þetta tími tækifærananna. Stjórnendur eru tilbúnir til að ræða sameiningar og sjá þörfina fyrir þær.

Hrönn Greipsdóttir,
framkvæmdastjóri
Eldeyjar



»2
Hlutfé Stoda aukið um allt að fjóra milljarða

Fjárfestingargeta Stoda er styrkt enn frekar með með forgangsrettarútbóði til hluthafa. Fjárfest í Arion banka og Símanum fyrir um tíu milljarða. Hópur fjárfesta skoðar kaup á 18 prósentu hlut Arion í Stodum.

»4
Óvist með risasamruna í ferðabjónustu

Ekki er víst að kaup Arctic Adventures á rekstrarfélagi ísganganna í Langjökli verði að veruleika. Sextíu prósentu samdráttur á fyrstu mánuðum ársins setur strik í reikninginn.

»8
Eiga lífeyrisþegar að fela peninga?

„Þetta gerir krónan okkar, hún missir verðgildi sitt yfir tíma. Stundum hratt, stundum hægar en við getum verið nokkuð viss um að slæmt sé að geyma krónur í seðlaformi. Þrátt fyrir þetta virðist nokkuð algengt að fólk á lífeyrisaldri kjósi að geyma sparið sitt í seðlum,“ segir fræðslustjóri Íslandsbanka í aðsendri grein.


OAKLEY

**FYRIR FJALLA-
HJÓLAFÓLK**
OAKLEY HJÁLMAR



Gefur út bók um gjaldþrot WOW air

Um næstkomandi mánaðamót kemur út bók um gjaldþrot flugfélagsins WOW air. Höfundur bókarinnar er Stefán Einar Stefánsson, fréttastjóri viðskipta á Morgunblaðinu, en í henni er farið yfir aðdragandann að stofnun flugfélagsins, uppgang þess og fall. Nýjar upplýsingar er að finna í bókinni, sem er gefin út af Forlaginu, er varða fall félagsins og eru þær sagðar varpa áður óþekktu ljósi á þær itrekuðu tilraunir sem gerðar voru til að forða því frá gjaldþroti.

Vinna við bókina hófst fyrst þegar ljóst varð að félagið heyrði sögunni til í lok marsmánaðar og byggir hún á opinberum heimildum en einnig áður óbirtum skjölum. Þá hefur bókarrhöfundar rætt við tugi ein-

staklinga sem tengst hafa WOW air með einum eða öðrum hætti í þau rúmlega sjö ár sem flugfélagið starfaði.

Vinnutitill bókarinnar, sem er riflega 300 síður að lengd, er Með himinskautum, ris og fall flugfélagsins WOW air, en ekki liggur fyrir hver verður endanlegur titill bókarinnar. Höfundur leitaði eftir samstarfi við Skúla Mogensen, stofnanda og forstjóra flugfélagsins, um ritun bókarinnar en hann gaf ekki kost á því. – hae



Stefán Einar Stefánsson.

Skúli Mogensen.

Nýtt fjárfestingafélag með yfir milljarð í hlutafé

Nýlega var gengið frá stofnun nýs fjárfestingafélags, sem er með vel á annan milljarð króna í hlutafé og heitir Incrementum, en hluthafahópurinn samanstendur af fjárfestum einkafjárfestum og Kviku banka, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Félagið mun fjárfesta í skráðum félögum í Kauphöllinni en fjárfestingastarfsemi Incrementum hófst fyrir fáum vikum. Fjárfestingafélagið á í samstarfi við Kviku en eignarhlutur bankans í Incrementum nemur tæplega tíu prósentum.

» Félagið mun fjárfesta í skráðum íslenskum félögum í Kauphöllinni.

Stofnendur félagsins, sem jafnframt stýra starfsemi, eru þeir Ívar Guðjónsson, Baldvin Valtýsson og Smári Rúnar Þorvaldsson, sem eru meðal annars eigendur að ráðgjafarfirmunum Akrar Consult. Störfuðu þeir allir saman á sínum tíma hjá Landsbankanum á árunum fyrir fall fjármálakerfisins. – hae

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG Torg, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettbladid.is

Abyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettbladid.is Veffang frettbladid.is

RAFMÓTORAR



SCANVER 588 80 40
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



Jón Sigurðsson, stjórnarformaður fjárfestingafélagsins Stoða. FRÉTTABLAÐID/DANÍEL

Hlutafé Stoða aukið um allt að 4 milljarða

Styrkja enn frekar fjárfestingargetu Stoða með forgangsréttarútbóði til hluthafa. Fjárfest í Arion banka og Símanum fyrir um tíu milljarða. Hópur fjárfesta, meðal annars Stefnir, skoðar kaup á 18 prósentu hlut Arion í Stoðum.

Fjárfestingafélagið Stoðir, sem er í meirihlutaeigu meðal annars Jóns Sigurðssonar, Einars Arnar Ólafssonar, Magnúsar Ármannar, og Tryggingamiðstöðvarinnar (TM), hyggst auka hlutafé sitt um allt að fjóra milljarða króna til að styrkja enn frekar fjárfestingargetu félagsins. Stoðir, sem er eitt stærsta fjárfestingafélag landsins, hefur á síðustu vikum fjárfest í Arion banka og Símanum fyrir samanlagt um níu milljarða króna. Hlutafjárútkningin fer fram með forgangsréttarútbóði til hluthafa félagsins og lýkur skráningu á morgun, fimmtudag, samkvæmt heimildum Markaðarins. Ólíklegt þykir að samtals fjórir milljarðar eigi eftir að safnast í útbóðinu heldur er talið, að sögn kunnugra, að niðurstaðan verði sú að hluthafar muni leggja félaginu til nærri þrjú milljarða króna í nýtt hlutafé. Eigið fé Stoða var um 18 milljarðar króna í ársbyrjun 2019.

Stærstu hluthafar Stoða, sem lauk sölu á tæplega níu prósentu hlut sínum í evrópska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco Garber fyrir 144 milljónir evra, jafnvirði um 19 milljarða króna, fyrir um ári eru eignarhaldsfélagið S121 með 62 prósentu hlut, Arion banki, sem á rúmlega 18 prósent, og þá fer Landsbankinn með 15 prósentu hlut. Samkvæmt heimildum Markað-

18

milljarðar króna var eigið fé Stoða í ársbyrjun 2019.

arins eiga sér nú stað þreifingar við hóp fjárfesta, meðal annars sjóðastýringarfirmatækni Stefni, sem hafa lýst áhuga á að kaupa hlut Arion banka í Stoðum. Miðað við eigið fé fjárfestingafélagsins má gróflaga áætla að sá hlutur sé metinn á um þrjú milljarða króna. Hlutur Arion banka í Stoðum er á meðal eigna í félögum í óskyldum rekstri sem er auglýstur til sölu á vefsíðu bankans. Samkvæmt heimildum Markaðarins er bankinn hins vegar ekki sagður vera undir tímapressu af hálfu Fjármálaeftirlitsins um að selja hlutinn, eins og sakir standa.

Í byrjun apríl urðu Stoðir umsvifamesti íslenski fjárfestirinn í hluthafahópi Arion banka. Félagið margfaldaði þá eignarhlut sinn í bankanum þegar það keypti um þriðjung af þeim tíu prósentu hlut sem eignarhaldsfélagið Kaupþing, stærsti einstaki hluthafi Arion banka, seldi þá til innlendra og erlendra fjárfesta. Eftir kaupin eru Stoðir fimmtíu stærsti hluthafi bankans með 4,65 prósentu hlut sem er metinn á um 6,7 milljarða

króna miðað við núverandi gengi bréfa Arion.

Þá hóf félagið að fjárfesta í Símanum í liðnum mánuði og í lok síðustu viku kom fram í flöggum til Kauphallarinnar um að Stoðir væru komnar með rúmlega átta prósentu hlut í fjarskiptafélaginu. Markaðsvirði þess eignarhlutur, sem er meðal annars fjármagnaður í gegnum framvirka samninga hjá Kviku banka, er rúmlega 3,3 milljarðar króna. Stoðir eru eftir þau kaup langsamlega stærstu einkafjárfestarnir í hluthafahópi Símans.

Sá hópur fjárfesta sem er með tögl og hagdir í Stoðum í gegnum S121 samanstendur meðal annars af félögum tengdum Jóni Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra FL Group og stjórnarmanni í Refresco frá 2009, Einari Erni Ólafssyni, fyrrverandi forstjóra Skeljungs og stjórnarmanni í TM, Magnúsi Ármannar, fjárfesti og fyrrverandi stjórnarmanni FL Group, Örvari Kjærnested, fjárfesti og stjórnarmanni í TM, og Þorsteini M. Jónssyni, áður aðaleiganda Vifilfells og fyrrverandi stjórnarmanni í Glitni og FL Group.

Fjárfestahópurinn, ásamt tryggingafélaginu TM, eignaðist meirihluta í Stoðum þegar hópurinn keypti í ársbyrjun 2017 rúmlega fimmtíu prósentu hlut í Stoðum af Glitni HoldCo og erlendum fjármálastofnunum.

hordur@frettbladid.is

Seldi í Arion banka fyrir tvo milljarða

Reski vögunarsjóðurinn Attestor Capital seldi fyrr í mánuðinum tæplega eins og hálfis prósentu hlut í Arion banka að virði ríflega tveggja milljarða króna. Eftir sölu fer sjóðurinn með um 5,6 prósentu hlut í bankanum, samkvæmt nýjum lista yfir stærstu hluthafa hans.

Bréfin keyptu breiður hópur fjárfesta en sem dæmi jók Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hlut sinn í bankanum úr 1,2 prósentum í ríflega 1,7 prósent.

Vögunarsjóðurinn, sem kom fyrst inn í hluthafahóp Arion banka í mars árið 2017, hefur markvisst unnið að því að minnka hlut sinn í bankanum undanfarin misserin en sjóðurinn hefur selt hátt í sjó pró-

8,2

milljarðar króna er markaðsvirði 5,6 prósentu hlutar Attestor Capital í Arion banka.

sent af hlutafé bankans á síðustu tólf mánuðum. Þar af seldi hann þriggja prósentu hlut í hlutafjárútbóði bankans í júní í fyrra.

Samkvæmt heimildum Markaðarins varð breyting á fjárfestingarstefnu vögunarsjóðsins eftir að sjóðsstjórnin Pierre Bour, sem var meðeigandi Att-

estor Capital, lét af störfum á síðasta ári. Var þá ákveðið að draga úr vægi Arion banka í eignasafni sjóðsins.

Attestor Capital er enn sem áður fjórði stærsti hluthafi Arion banka en 5,6 prósentu hlutur sjóðsins er metinn á um 8,2 milljarða króna miðað við núverandi gengi hluthafabréfa í bankanum.

Kaupþing, sem seldi nýverið fimmtán prósentu hlut í bankanum, er áfram stærsti hluthafi með tuttugu prósentu hlut og þá er bandariski vögunarsjóðurinn Taconic Capital sá næststærsti með ríflega sextán prósentu hlut.

Hlutabréfaverð í Arion banka stóð í 79,4 krónum á hlut við lokun markaða í gær og hefur hækkað um 12,6 prósent það sem af er ári. – kj

VOLVO XC JEPPARNIR

HANNAÐIR FYRIR ÞIG

Það er ekki hægt að hanna einn jeppa sem hentar öllum.
Þess vegna hönnuðum við þrjá.
XC jepparnir eru hannaðir fyrir útivistina, íþróttirnar, dagsins önn,
tónlistina, ferðalagið, fjölskylduna og með okkar sýn á lúxus
– hver á sinn hátt.
Allir eru þeir hannaðir fyrir þig og þinn lífstíl.

Veldu þinn Volvo XC jeppa

VOLVO XC60 AWD

XC60 AWD D5 dísil verð frá: 7.790.000 kr.
XC60 AWD T8 tengivinn verð frá: 8.890.000 kr.

VOLVO XC90 AWD

XC90 AWD D5 dísil verð frá: 8.990.000 kr.
XC90 AWD T8 tengivinn verð frá: 10.690.000 kr.

VOLVO XC40 AWD

XC40 AWD D4 dísil verð frá: 6.590.000 kr.



Til afhendingar strax

V O L V O



Brimborg Reykjavík
Bíldshófi 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

Óvíst með risasamruna í ferðaþjónustu

Ekki er víst að kaup Arctic Adventures á rekstrarfélagi ísganganna í Langjökli verði að veruleika. Sextíu prósent samdráttur á fyrstu mánuðum ársins setur strik í reikninginn. Framkvæmdastjóri Into the Glacier segist bjartsýnn fyrir sumarið.

Mikill samdráttur í aðsókn ferðamanna í ísgöngin Into the Glacier í Langjökli undanfarna mánuði, mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir, hefur sett strik í reikninginn í viðræðum eigenda Arctic Adventures og Into the Glacier um kaup fyrrnefnda félagsins á því síðarnefnda og er óvíst hvort kaupin muni ganga eftir.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var aðsókn í ísgöngin, sem eru stærstu manngerðu ísgöng í heimi, um sextíu prósent minni á fyrsta fjórðungi ársins en áætlanir Into the Glacier höfðu gert ráð fyrir. Eigendur Arctic Adventures, stærsta ferðaþjónustufyrirtækis landsins á sviði afþreyingar, eru sagðir vilja bíða og sjá hvernig sumarmánuðirnir muni ganga en ekki er loku fyrir það skotið að hætt verði við samrunann.



63 þúsund manns heimsóttu ísgöngin í Langjökli í fyrra en talsvert hefur dregið úr aðsókn í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Sigurður Skarphéðinsson, framkvæmdastjóri Into the Glacier

Samkeppniseftirlitið lagði blessun sína yfir kaupin í síðasta mánuði en þau eru hins vegar ekki frágengin og eru viðræðurnar um þau á viðkvæmu stigi, eftir því sem Markaðurinn kemst næst. Ljóst er að verðið sem upphaflega var samið um þegar samkomulag náðist um samrunann í janúar síðastliðnum

var byggt á áætlunum sem munu nú ekki ganga eftir.

Sigurður Skarphéðinsson, framkvæmdastjóri Into the Glacier, segir árið hafa reynst félaginu erfitt hingað til. Veðrið hafi sett stórt strik í reikninginn á fyrstu mánuðum ársins og þá hafi breytt landslag í ferðaþjónustunni, í kjölfar meðal annars falls WOW air, sitt að segja. Erfitt sé hins vegar að segja til um áhrif samdráttarins á fyrirhugaðan samruna við Arctic Adventures.

„Við erum í samningaferli sem tekur tíma en við erum að vonast til þess að þetta klárast síðla sumars,“ segir Sigurður í samtali við Markaðinn.

Fjögur félög til viðbótar

Samkomulagið sem forsvarsmenn Arctic Adventures og Into the Glacier gerðu með sér í janúar fól í sér að fyrrnefnda félagið keypti allt hlutfé í því síðarnefnda af framtakssjóðnum Icelandic Tourism Fund, sem er í rekstri Landsbréfa og fer með 94 prósent hlut í rekstrarfélagi ísganganna, og Sigurði sem heldur á tæplega sex prósent hlut í félaginu.

Til viðbótar stóð til að Arctic Adventures keypti eignarhluti framtakssjóðsins í fjórum afþreyingarfyrirtækjum í ferðaþjónustu, Óbyggðasetrinu í Fljótssdal, Raufarhólshelli, Borea Adventures á Ísa-

firði og leiksýningunni Icelandic Sagas – The greatest hits, sem sýnd er í Hörpu.

Framtakssjóðurinn er í eigu Icelandair Group, Landsbankans og sjö lífeyrissjóða.

Ýktar sveiflur

Alls heimsóttu 63 þúsund manns ísgöngin í fyrra en talsvert hefur dregið úr aðsókn í ár, eins og áður sagði. Sigurður segir að sveiflurnar í aðsókninni hafi verið nokkuð ýktar. „Janúar og febrúar voru slæmir hjá okkur annað árið í röð, mars var aðeins undir væntingum og síðan var höggið mikið í apríl. Hins vegar líta maí, júní, júlí og ágúst mjög vel út. Staðan fyrir júní er til dæmis sterkari en í fyrra. Þetta eru ekki bara slæm tíðindi. Sveiflurnar eru bara ýktari,“ útskýrir Sigurður.

Þrátt fyrir tugprósentu fækkun ferðamanna í kjölfar falls WOW air og kyrrsetningar 737 MAX 8 véla Icelandair segir Sigurður forsvarsmenn Into the Glacier bratta fyrir sumarið. „Það þýðir ekkert annað. Sem dæmi er aukning í komum skemmtiferðaskipa til Íslands á milli ára. Það er ekki allt neikvætt.“

Samanlögð velta Arctic Adventures og Into the Glacier var tæplega sjö milljarðar króna í fyrra en hjá félögumun tveimur starfa samantlagt um 300 manns. Ísgöngin voru metin á um 1.565 milljónir króna í bókum Icelandic Tourism Fund í lok árs 2017 en bókfært virði þeirra jókst um ríflega 55 prósent á árinu. hjokdur@frettabladid.is, kristinningi@frettabladid.is

Ráðuneytin telja ekki ástæðu til að lengja skipunartíma seðlabankastjóra

Forsætisráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið telja ekki ástæðu til þess að lengja skipunartíma seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra úr fimm árum í sex eða sjö ár, líkt og Seðlabankinn hefur lagt til. Ráðuneytin benda á að skipunartíminn hafi verið stytur með lagabreytingu árið 2009 með það að markmiði að samræma skipunartíma embættismanna innan Seðlabankans annars vegar og skipunartíma annarra embættismanna ríkisins hins vegar.

Í umsógn Seðlabankans við frumvarp um sameiningu bankans og Fjármálaeftirlitsins, sem nú liggur



Már Guðmundsson, seðlabankastjóri

fyrir Alþingi, er bent á að í ljósi fjölgunar varaseðlabankastjóra – en frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra skipi seðlabankastjóra og þrjá varaseðlabankastjóra til fimm ára í senn – geti takmarkaður skipunartími leitt til þess að erfitt verði að skipa í stöðurnar, enda sé þörf á ákveðinni hæfni til að gegna embættunum.

„Tíðni breytinga á því hverjir sitji í stólum seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra eykst eftir því sem skipunartíminn er styttri og hópur hæfra einstaklinga til að skipa þær þarf að vera stærri,“ segir Seðlabankinn.

Í þessu sambandi verði jafnframt að hafa í huga að skipunartími seðlabankastjóra sé almennt lengri í þeim ríkjum sem við berum okkur gjarnan saman við.

Í nýlegu minnisblaði sem forsætisráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið tóku saman er þessu sjónarmiði Seðlabankans hins vegar hafnað, eins og áður sagði. – **kj**

Hluthafar LBI kjósa um málshöfðun gegn fyrrverandi bankastjórum

Hluthafar LBI, eignarhaldsfélags sem heldur utan um eignir gamla Landsbankans, munu á föstudag kjósa um hvort félagið eigi að höfða mál á hendur fyrrverandi bankastjórum gamla Landsbankans og váttryggingendum til heimtu skadabóta vegna milljarða lánveitingar bankans til Straums-Burðaráss fáeinum dögum fyrir hrun bankakerfisins haustið 2008.

Stjórn LBI hefur boðað til hluthafafundar næsta föstudag þar sem hluthafar eignarhaldsfélagsins, sem eru að mestu erlendir fjárfestingasjóðir, munu greiða atkvæði um málshöfðunina en hún beinist að fyrrverandi bankastjórunum Sigurjóni Þ. Árnasyni og Halldóri J. Kristjánssyni ásamt erlendum váttryggingendum sem selt höfðu gamla Landsbankanum ábyrgðartryggingu.

Héraðsdómur Reykjavíkur



Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri gamla Landsbankans

vísaði í lok síðasta árs frá dómi tveimur málum sem LBI hafði höfðað gegn fyrrverandi stjórnendum og váttryggingendum gamla Landsbankans en annað málið varðaði einmitt umrædda 19 milljarða króna lánveitingu bankans til Straums-Burðaráss.

Í því máli krafðist eignarhaldsfélagið þess að Sigurjón og Halldór yrðu dæmdir til að greiða sér sameiginlega ríflega 5,3 milljarða króna, QBE International Insurance jafnvirði 2,8 milljarða króna og QBE Corporate 775 milljónir króna. Var það niðurstaða dómsins að verulega hefði skort á að LBI



LBI heldur utan um eignir gamla Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hefði gert fullnægjandi grein fyrir endanlegu tjóni sínu vegna ráðstafana Halldórs og Sigurjóns. – **kj**



VEGNA SÉRSTAKRA AÐSTÆÐNA ER NÚ TIL SÖLU VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI

Veslun ásamt skerpingarverkstæði, sem þjónustað hefur byggingariðnaðinn í 36 ár, er nú til sölu

Reksturinn er tvískiptur, Innflutningur, sala á sagarblöðum, fræsitönum og öðrum verkfærum fyrir tré- og málmíðnaðinn annars vegar og hins vegar skerping á sagarblöðum og ýmsum bitverkfærum fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Fyrirtækið hefur ávallt verið leiðandi á sínu sviði og hefur yfir að ráða fullkomnum tölvustýrðum skerpingarvélum fyrir flestar gerðir sagarblaða og verkfæra.

Velta fyrirtækisins var um 40 milljónir á síðasta ári og felast talsverðir stækkunarmöguleikar í auknum innflutningi.

Allur núverandi rekstur er til sölu ásamt vélum, vörubirgðum og viðskiptasamböndum. Í dag starfa tveir starfsmenn hjá fyrirtækinu.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 564 2488 OG skarpur@simnet.is



SKRIFSTOFURÝMI TIL LEIGU EITT VERÐ, ALLT INNIFALIÐ

ÁRMÚLI – HÖFÐATORG – AKUREYRI – HAFNARTORG – URÐARHVARF



Allt innifalið

Þú greiðir aðeins eitt verð fyrir allt sem tengist vinnusvæði þínu.



Stækkaðu við þig

Bættu við skrifborðum eftir því sem starfsmönnum fjölgar.



Fullbúnar skrifstofur

Nútímaleg húsgögn og háhraða internettenging fylgja.

5 27 27 87

Regus™

REGUS.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

MIDVIKUDAGUR 15. MAÍ 2019



Höllin þar sem Eurovision-söngvakeppnin fer fram þessa dagana er stór og vel hönnuð bygging sem hentar mjög vel fyrir þennan viðburð.

Eurovision-höllin iðar af lífi þessa dagana

Keppnishöll Eurovision, Expo Tel Aviv, er gríðarlegt mannvirki sem var byggt árið 2015. Sviðið er hannað af þrautreyndum sviðsmanni keppinnar en þetta er í sjötta sinn sem Aryeh Elhanani hannar sviðið fyrir Eurovision. ➔2

30% afsláttur
í hádeginu alla virka daga



Osushi
Tryggvagötu



Ingólfur Grétarsson, sérlegur útsendari Fréttablaðsins, tyllir sér á trébekk í höllinni með einn iskaldan ísraelskan bjór sem slekkur allan þorsta í hitanum í Tel Aviv. FRÉTTABLAÐIÐ/BENEDIKT

SJÁVARBARINN FAGNAR 12 ÁRA AFMÆLI

Í tilefni afmælisins er nú tilboð á hádegishlaðborðinu og býðst það á sama verði og við opnunina fyrir tólf árum.

Innifalið er:
Sjávarréttasúpa dagsins, heitir og kaldir fiskréttir, kjötréttur, salat-bar, smáréttir, kaffi og kökur.



ÁÐEINS
1690.-

SJÁVARBÁRINN
SEAFOOD RESTAURANT

Sjavarbarinn | Grandagarði 9 | sjavarbarinn.is

NÝ SENDING YFIRHAFNIR & DRAKTIR



Tískan

Skipholti 21, 105 Reykjavík

Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX

SKRIFA FRÁ TEL AVIV EUROVISION

Benedikt Bóas
benediktboas@frettabladid.is

Ingólfur Grétarsson
ingolfurg@frettabladid.is

Eurovision-keppnin í ár fer fram í Expo-höllinni í Tel Aviv sem hér í Ísrael er kölluð Ganev HaTaarucha. Hún rúmar um 7.300 manns. Höllin er í norðurhluta borgarinnar og er íslenski hópurinn um 25 mínútur að keyra þangað frá hótelinu. Leiðin er ákaflega falleg, liggur meðfram strandlengjunni og í gegnum Yarkon Park. Það tekur aðeins um 35 mínútur að hjóla þangað, en hjólréiðar eru mjög vinsælar hér í Tel Aviv.

Borgin hefur gert 70 kílómetra afhjólástigum og þeim fylgja stöðugt. Þá er hægt að leigja sér rafmagnshlaupahjól sem er nánast vinsæla en fjölmargir þeysa um göturnar á þessum hjólum.

2,5
milljónir gesta koma í höllina á hverju ári.

8
risasalir eru í höllinni.

25
þúsund fermetrar er höllin að stærð.

Keppnishöllin er hönnuð af Aryeh Elhanani og var hún vígð árið 2015. Árið 2010 var gamla höllin, sem var byggð árið 1959, rifin og hafist handa við að reisa nýja. Hér hafa engar smástjörnur stigið á svið: Iggy Pop, Nine Inch Nails, Thirty Seconds to Mars, Lady Gaga, Pitbull, David Guetta, Avicii, Megadeth, Moby, Suede og síðast en ekki síst Roxette.

Í lok apríl var Evrópumótið í júdo haldið í höllinni og nánast um leið og Eurovision-hurðinni verður skellt aftur hefst ráðstefnan Security Israel sem er, miðað við kynningarmyndir hér í höllinni, engin grínhátíð. Þar eru byssur og tölvur og fingraför í forgrunni og fátt um grín.

Sviðið er hannað af Florian Wieder en hann kom einnig nálægt sviðshönnun söngvakeppninnar árin 2011, 2012, 2015, 2017 og 2018. Þetta er einhvers konar demantur með áhorfendasvæði fyrir framan. Í höllinni eru átta salir og 20 ræð-



Þjónustuborðið þar sem sjálfboðaliðar eru hjálpsamir við gesti og gangandi.



Ingólfur mætir til vinnu. Á skjánum sést Hatari á sviðinu í keppnishöllinni.



Tel Aviv hefur tekið gestum opnum örmum og er borgin í sannkölluðu sól-skinsskapi. Heimamenn rétta vitlausum blaðamönnum hjálparhönd.

stefnusalir. Blaðamannaherbergið er gríðarlega stórt og þar er finasta stemning og stuð.

Veðrið í Tel Aviv hefur verið með besta móti. Um 25 gráður mæla snjallsímarnir en það er eins og hitinn sé um 50 gráður þegar sólin hellir geislum sínum yfir okkur. Loftkælingin í höllinni er keyrð á fullu og kvarta blaðamenn sáran

yfir kulda – sem er hálf öfugsniúð. Vinnuástanda fyrir fjölmiðlamenn er til fyrirmyndar. Hér er góð nettenging og margir mettrar af framlengingarsnúrum sem er mikilvægt. Hér er hægt að fá vatn ókeypis en fyrir bjór og mat þarf að borga sem flestir gera með glöðu geði enda er maturinn hérna í Tel Aviv algjörlega til fyrirmyndar.

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki




Suzuki mótörhjól. Komdu og kattu við í sýningarsal Suzuki. Ymislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is



Volvo V60 Plug inn Hybrid 4/2017 ekinn aðeins 10 þús km. Momentum typp. Leður á slitflötum. Verð aðeins 4.180.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is



Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

BÓKHALD.

Get tekið að mér bókhald og uppgjör fyrir smærri fyrirtæki, og einstaklinga. Upplýsingar í síma 899-2042

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.



Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., pianófl. ofl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael's. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is



Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS

BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

GÓÐIR Í SUMAR

Opið: Mánudaga-föstudaga kl. 10-18, laugardaga 12-15.



TOYOTA Land cruiser 200 vx.
Árgerð 2015, ekinn 124 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar.7 manna bíll í 100% standi Verð 12.980.000. ath skipti Rnr.116837.



TOYOTA Yaris hybrid luxury.
Árgerð 2017, ekinn 8 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.213554.



LAND ROVER Discovery hse.
Árgerð 2018, ekinn 3 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 girar. Verð 12.980.000.Mjög vel útbúin ath skipti Rnr.116846.



BMW X5 xdrive40e iperformance plug in
Árgerð 2017, ekinn 23 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 8 girar. einn með öllu Verð 8.790.000.ath skipti Rnr.116814.



DODGE Ram 3500 longhorn ltd .
Árgerð 2017, ekinn 23 þ.KM, dísel, sjálfskiptur.Aisin skipting og fl mjög vel með farinn Verð 7.250.000.+ Vsk Rnr.116841.



Bílafjármögnun Landsbankans

50% afsláttur af lántökugjöldum í maí

HEFUR ÞÚ ÞAÐ SEM TIL ÞARF?

Torg ehf. leitar að öflugum liðsmanni/konu í hlutverk söluráðgjafa á Fréttablaðinu, mest lesna dagblaði landsins.

Í starfinu felst:

- Sala auglýsingabirtinga til helstu viðskiptavina Fréttablaðsins.
- Þjónusta við viðskiptavini, umsýsla og úrvinnsla birtinga.
- Öflun nýrra viðskiptavina og sölutækifæra.

Starfið krefst mikillar hæfni í mannlegum samskiptum, getu til að vinna sem hluti af öflugu söluteymi sem og sjálfstætt við öflun nýrra viðskiptavina. Laun eru að hluta árangurstengd og tekjumöguleikar góðir.

Torg ehf. er útgáfufélag sem sérhæfir sig í prent- og stafrænum miðlum. Torg gefur út Fréttablaðið, mest lesna dagblað landsins, Markaðinn, viðskiptablað sem fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum, og tísku- og lífsstíllímaritíð Glamour. Stafrænir miðlar í eigu Torgs eru FRETATABLADID.IS, MARKADURINN.IS, GLAMOUR.IS, ICELANDMAG.IS og MIDI.IS. Torg prentfélag á og rekur blaðaprentvél sem sér um prentun á Fréttablaðinu, Markaðnum og tengdum miðlum.

Nánari upplýsingar gefur Jóhanna Helga Viðarsdóttir, rekstrarstjóri Torgs, johannahelga@365.is.

Umsóknarfrestur er til og með 19. maí.

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN GLAMOUR FRÉTTABLAÐIÐ.IS TORG



Það eru mjög miklar þreifingar og við getum sagt að það sé kaupendamarkaður eins og staðan er í dag.

Hrönn Greipsdóttir, framkvæmdastjóri Eldeyjar



standa uppi í hárinu á bókunarsíðunum, og teljum við það vera helstu ástæðuna fyrir góðri bókunarstöðu.“

Hrönn hjá Eldey tekur í sama streng. „Við höfum reynt að ná sem mestri sölu beint til okkar vegna þess að þóknarir til milliliða hafa verið yfiringilegar. Við erum með dæmi um það að einstaka milliliðir hafa í krafti m.a. stærðar sinnar verið að taka 30-35 prósent af sölnunni sem þóknun. Þetta er eitthvað sem við stefnum að því að lágmarka í öllum okkar félögum. Það má þó ekki skilja það þannig að milliliðir séu óþarfir því þeir eru vissulega ein leið í sölu- og markaðsstarfi en þóknarir þurfa að ná jafnvægi og vera stilltar í hóf þannig að báðir aðilar geti lifað af.“

Ísland áfram ódýrast frá Bandaríkjunum

Bandaríkjamenn greiða að jafnaði minna fyrir flug til Íslands en annarra áfangastaða í Evrópu þrátt fyrir að WOW air sé hætt starfsemi.

Þetta eru niðurstöður könnunar sem leitarvélina Kayak framkvæmdi fyrir vefsíðuna Thrillist. Niðurstöðurnar voru birtar í byrjun maí, rúmum mánuði eftir

fall WOW air. Skoðað var hvaða evrópski áfangastaður væri ódýrastur frá 64 flugvöllum í Bandaríkjunum og var Ísland ódýrasti kosturinn í 36 tilfellum.

Icelandair og þrjú stærstu flugfélög Bandaríkjanna fljúga til Keflavíkurflugvallar í sumar en aðeins er flogið beint frá 15 flugvöllum í Bandaríkjunum.

WOW air flutti hlutfallslega fleiri ferðamenn frá Norður-Ameríku og Mið- og Suður-Evrópu hingað til lands en önnur flugfélög og er því talið að gjaldþrot félagsins hafi, að öðru óbreyttu, mestu áhrifin á fjölda ferðamanna hingað til lands frá þessum markaðssvæðum.

Lítið að hafa upp úr samlegð

Veitingarekstur hefur verið erfiður frá sumrinu 2017. Kostnaður hefur farið vaxandi en offramboð á veitingastöðum hefur leitt til harðrar samkeppni. Hrefna Sætran, eigandi Fiskmarkaðarins og Grillmarkaðarins, segir að gestum hafi fækkað á milli ára í maí og apríl.

„Í fyrra var líka lögð eftir páska en í ár hefur lögðin verið aðeins dýpri. Við erum samt að búast við ágætu sumri. Sumrin hafa verið góð í gegnum tíðina þó að veturinn hafi verið harður,“ segir hún.

Aðspurð segir Hrefna að samdráttur í ferðaþjónustunni muni reynast yngri veitingastöðum erfiður. „Ég held að við munum sjá lokanir á veit-

ingastöðum á næstu mánuðum. Eldri og rötgrónari staðir standa betur og hafa meiri stöðugleika en það verður erfið fyrir yngri staði að fóta sig í þessu umhverfi.“

Jakob Einar Jakobsson, framkvæmdastjóri Jómfrúarinnar og stjórnarmaður í Samtökum ferðaþjónustunnar, segist einnig hafa fundið fyrir fækkun í apríl en hún hafi verið væg. Flestir viðskiptavinir Jómfrúarinnar eru Íslendingar en hlutfall erlendra ferðamanna er mest 30 prósent yfir sumarið.

„Ég hugsa að gjaldþrotum muni fjölga. Ef maður horfir bara á veitingastaði í miðborginni þá er offramboð og menn eru mikið að keppa á verðum. Það er erfiðara

ad verðleggja þjónustu og gæði í umhverfinu í dag,“ segir Jakob.

„Það er alltaf verið að tala um þroskaskeið ferðaþjónustunnar, að hún sé á ákveðnum stað og að framundan sé samþjöppun í greininni. Ég held að samlegðaráhrif séu sýnd veði en ekki gefin í veitingarekstri og það á sérstaklega við um miðbæinn. Þú nærð ekki fram neinni samlegð ef birgjar þurfa að afhenda vörur á mörgum stöðum. Allir veitingastaðir þurfa sinn yfirkokk, yfirþjón og mannaðar vaktir og þar fram eftir götunum, þó svo menn reyni að spila með árstíðabundnum sveiflum eins og kostur er. Auk þess er veitingarekstur í eðli sínu mannaflafrek grein eins og ferðaþjónustan í heild raunar.

Það er helst í yfirbyggingu, það er fjármálastjórn og bókhaldi, sem hægt er að finna samlegðaráhrif,“ segir Jakob.

Kristófer Oliverson, framkvæmdastjóri og eigandi Center-Hotels, segir óvissuna enn mikla. „Við erum að finna fyrir þessu núna í apríl og maí, og ég held að ódýrari gisting hafi orðið fyrir meira höggi. Það heyrir maður úr bransanum. Svo er spurning hvernig sumarið verður. Bókunarstaðan er ágæt en það er ekki útséð um það enn,“ segir Kristófer.

Þá segir Björn hjá Kynnisferðum að rekstur bílaleigunnar Enterprise, sem er innan samstæðunnar, hafi verið í takt við áætlanir. „Bókunarstaðan fyrir sumarið er góð og hefur haldið áfram að vaxa. Það hefur verið minni fækkun en við áætluðum í hópi þeirra ferðamanna sem vilja keyra sjálfir. Ég kann ekki skýringu á því í fljótu bragði,“ segir Björn.

„Reksturinn hjá bílaleigum var þungur 2017 og 2018 og þær hafa verið að fækka í flotanum, þannig að það hlýtur að hafa eitthvað með það að gera. Við erum að fækka bílum um 20 prósent frá því í fyrra og ég veit að stóru bílaleigurnar hafa einnig verið að fækka bílum.“



Algjörlega hnökralaust

Vodafone hentar mínum rekstri best. Þau hafa þjónustað okkur með allt sem þarf, algjörlega hnökralaust.

Nánar á vodafone.is/fyrirtaeki

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?


vodafone
fyrirtæki

Alltaf til taks



Miklu meira en bara ódýrt



VI Air 12V loftdælur í miklu úrvali

Álskóflur



frá 1.999

frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L



Sonax hreinsivörur á frábæru verði

4.895

Viðgerðarbretti

Háprýstidæla 1200W 100Bör

9.999

Hjólattjakkur 2T m/tösku

3.795



Öflugar háprýstidælur 165Bör 2100W

22.999

Háprýstidæla 1400W 105Bör

14.999



6T Búkkar 605mm Par

9.999



frá 1.495

Startkaplar




4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Frábært úrval af dragböndum/ströppum



Lunchbox útvarp ryk/regn/frostpólið

24.995



Ruslapokar 10,20,50stk

frá 395



Hjólbörur 100kg

3.995



Laufahrífur

frá 999




frá 395

Ruslatínur



frá 995

Skóflur



Strákústar

685

Myndlistavörur í miklu úrvali



34.995

Verkfæraskápur á hjólum

59.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



Steðjar í miklu úrvali

Vice Multi angle

6.985



4.985

Skrall-lyklar 8-17



13.995

Flísa sög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



Fjölsög Höfftech

5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



14.999

Hjólsög GMC 1200W



19.995

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.999

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Skotsilfur



Tekur við Nathan & Olsen

Ari Fenger, einn eigenda Nathan & Olsen, er hættur sem framkvæmdastjóri heildverslunarinnar og tekur Lisa Björk Óskarsdóttir, áður framkvæmdastjóri Provision og rekstrarstjóri hjá ÍSAM, við starfinu í hans stað. Ari verður áfram forstjóri móðurfélagsins 1912. Móðurfélagið er ein stærsta heildverslun landsins en það velti um sjö milljörðum árið 2017.



Stýrir Alvotech

Mark Levick, sem hefur starfað í lyfjageiranum í tvo áratugi, síðast sem yfirmaður þróunar hjá lyfjarisanum Sandoz, hefur verið ráðinn forstjóri líftækniyrirtækisins Alvotech. Hann tekur við starfinu í ágúst af Rasmus Rojkaer sem hefur gegnt forstjórarstarfinu síðustu tvö ár. Alvotech, sem er að stærstum hluta í eigu fjárfestingasjóðs undir forystu Róberts Wessman, hóf nýverið klínískar rannsóknir á sínu fyrsta lyfi.



Davíð hélt boð fyrir King

Heimsókn **Mervyn Kings**, fyrrverandi bankastjóra Englandsbanka, til Íslands í liðinni viku vakti athygli en í erindi sem hann flutti hrósaði hann stjórnvöldum fyrir aðgerðir sínar eftir fall bankanna. King var heiðursgestur í boði sem Már Guðmundsson seðlabankastjóri hélt á miðvikudag í gestahúsnæði Seðlabankans við Ægisíðu en aðrir gestir voru meðal annars tengdir bankanum og peningastefnufundirni ásamt Ásgeiri Jónssyni, einum umsækjenda um embætti seðlabankastjóra. Það sama gerði einnig Davíð Oddsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, sem hélt boð King til heiðurs á laugardagskvöld en þeir áttu sem kunnugt er í talsverðum samskiptum, meðal annars vegna Icesave-reikninganna alræmdu, í aðdraganda fjármálakreppunnar.



Slæm byrjun hjá Uber



Hlutabréfi leigubílaþjónustunnar Uber lækkuðu um tæplega átta prósent í verði á fyrsta degi viðskipta með bréfin í kauphöllinni í New York síðasta föstudag. Hlutafjárútbóðið, sem var það stærsta í Bandaríkjunum síðan Alibaba var fleytt á markað árið 2014, olli miklum vonbrigðum en forstjórinn Dara Khosrowshahi kenndi óróleika vegna viðskiptadeilna Bandaríkjanna og Kína um gengislækkunina. NORDICPHOTOS/GETTY

Tækifæri til að rétta kúrsinn



Jóhannes P. Skúlason
frambjóðandi til stjórnlagabings

Arlega skal fjármálaáætlun til næstu fimm ára samþykkt á Alþingi. Áætlunin er mikilvægt stefnumótandi plagg í fjármálum ríkisins og færa má rök fyrir því að sú stefna sem þar birtist liggir til grundvallar öðrum stefnumarkandi ákvörðunum ríkisstjórnar sem leggur hana fram.

Síðustu mánuði hafa orðið vendingar í efnahagsmálum þjóðarinnar og þar skipta mestu gjaldprot flugfélagsins WOW Air, loðnubrestur, kjarasamningagerð með aðkomu ríkisstjórnarinnar ásamt meiri óvissu og verri horfum í efnahagsmálum og stjórnáttum erlendis. Forsendur fjármálaáætlunar eins og þær voru þegar hún kom fram eru því brostnar.

Í þessu samhengi byggir fjármálaáætlun á greiningu og stöðu um þróun efnahagsmála samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá

því í febrúar 2019 en þar er gert ráð fyrir 1,7% hagvexti í ár. Þegar tekið er mið af forsendum um líklega fjölgun flugferða til landsins í stað ferða WOW air gerir spá Samtaka ferðaþjónustunnar ráð fyrir um 14% fækkun ferðamanna á þessu ári miðað við árið 2018. Það þýðir að útflutningstekjur frá ferðaþjónustu munu dragast saman um rúma 100 milljarða króna á árinu. Til að setja hlutina í samhengi er það á viðfimmfaldan loðnubrest.

Hagstofa Íslands gaf nýverið út nýja þjóðhagsspá þar sem fram kemur að áður áætlaður hagvöxtur á árinu 2019 þurrkast út og þess í stað er búist við 0,2% samdrætti, aðallega vegna 2,5% minnkunar á útflutningi. Þessi viðsnúningur sýnir svart á hvítu hvað aföll í ferðaþjónustu hafa mikil áhrif á þjóðarþróun.

Í slíku árferði er nauðsynlegt að ríkisvaldið sýni röggssamt viðbragð og taki stefnumótandi ákvarðanir sem byggja undir útflutningsatvinnugreinar sem aukið geta verðmætasköpun hratt ef vel er að staðið. Í slíku árferði er óskynsamlegt að draga úr útgjöldum til málefna viðskiptaþjónustu og veikja þannig stöðkerfi greinarinnar þegar nauðsynlegt er að styrkja það.

Útgjöld til málefna viðskiptaþjónustu eru nú áætluð 0,3% af heildarútgjöldum í fjármálaáætlun atvinnugreina en eiga svo að lækka í 0,2% af heildarútgjöldum í lok gildistíma áætlunarinnar (alls lækkun um 523 milljónir króna). Þessi staðreynd lýsir ekki neins konar áherslu á uppbyggingu ferðaþjónustu eða viðbragði við breyttri stöðu í stefnumótandi áætlun ríkisfjármálanna. Hún lýsir ekki framsýnni stefnumótun um grundvallaratvinnugrein sem snúið getur erfiðri stöðu í unnið tafl, heldur aðeins áreynslulausu status quo.

SAF hafa bent á það á ýmsum vettvangi undanfarin ár að brýn nauðsyn sé til þess að framlög til stöðkerfis ferðaþjónustunnar hækki umtalsvert. Í fyrsta lagi hefur vöxtur greinarinnar undanfarin ár kallað á stórukin framlög til gagnaöflunar og rannsóknar til að undirbyggja stefnumótandi ákvarðanir um ferðaþjónustu til framtíðar. Það mun auka verðmætasköpun í greininni sem byggir undir bætt lífskjör í landinu. Í öðru lagi er eðlilegt að ríkisvaldið aðlagi fjárfrelg til stöðkerfis greinarinnar að gjörbreyttu hlutfallslegu mikilvægi hennar í efnahagslífinu, enda ljóst

að slíkt er skynsamleg endurfjárfesting í atvinnugrein sem árið 2017 nam 8,6% af VLF, stóð undir 39% af gjaldkerfistekjum landsins árið 2018 og hefur skapað stóran hluta nýrra starfa um allt land síðustu ár. Í þriðja lagi kallar staða greinarinnar og rekstrarumhverfi fyrirtækja í kjölfar efnahagssviptinga síðustu mánaða á að aukinn kraftur sé lagður í markvissa markaðssetningu Íslands sem ferðaþjónustulands á gildistíma áætlunarinnar í samræmi við stefnumótun sem nú stendur yfir í ráðuneyti ferðamála.

Sóknarfæri í ferðaþjónustunni felast helst í nýsköpun, vöruþróun, auknum gæðum og bættum innviðum. Stjórnvöld hafa nú tækifæri til að ýta sérstaklega undir þessa þætti í stefnumarkandi áætlanagerð til framtíðar og auka þannig endurfjárfestingu ríkisins í stöðkerfi mikilvægustu útflutningsgreinar þjóðarinnar, sem reynslan sýnir að skilar ávinningi fyrir alla með aukinni verðmætasköpun, auknum tekjum undir og sveitarfélaga og bættum lífskjörum í landinu.

Þessa er sérstök þörf eins og staðan er núna – þar fara hagsmunir atvinnugreinarinnar og þjóðarhagsmunir saman.

Einkafjárfestar gera sig gildandi

SKOÐUN

Kristinn Ingi Jónsson



Eftir fádæma ládeyðu á hlutabréfamarkaðinum síðustu ár – sem birtist meðal annars í minnkandi veltu, lækkandi hlutabréfaverði og almennu áhugaleysi fjárfesta – er markaðurinn aftur kominn á skrið svo eftir er tekið. Úrvalsvísitala Kauphallarinnar

hefur rokið upp um meira en þrjátíu prósent það sem af er ári og hefur aldrei verið hærri, veltan hefur aukist og það sem meira er um vert er að einkafjárfestar eru loks farnir að láta til sín taka í skráðum félögum.

Nokkrar stærstu fréttir síðustu mánaða eru af stórfjárfestingum einkafjárfesta í Kauphallarfélögum og má í því sambandi meðal annars nefna fjárfestingar Stöða í Arion banka og Símanum, 365 miðla í Skeljungu og PAR Capital Management í Icelandair Group. Skemmst er svo að minnast kaupa Útgerðarfélag Reykjavíkur á riflega þrið-

ungshlut í HB Granda og Samherja á fjórðungshlut í Eimskip í fyrra en þær fjárfestingar eru líkast til þær stærstu af hálfu einkafjárfesta í skráðum félögum frá því að hlutabréfamarkaðurinn var endurreistur í kjölfar hrunsins haustið 2008.

Skjött skipast veður í lofti. Í mörg ár hefur verið kallað eftir því að aðrir fjárfestar en lífeyrissjódir, sem hafa verið alltumlykjandi á hlutabréfamarkaðinum, geri sig þar meira gildandi. Í flestum félögum hefur skort forystu í hluthafahópnum – virka eigendur með skýra sýn á framtíðina. Eigendur sem veita stjórnendum aðhald og eiga sjálfir

undir því að vel takist til í rekstri félaga sinna. Þessi skortur á einkafjárfestum hefur meðal annars sýnt sig í samsetningu stjórnar skráðra félaga þar sem aðeins lágt hlutfall – innan við fjórðungur – stjórnarmanna á yfir eins prósent hlut í því félagi sem þeir sitja í stjórn hjá.

Því verður ekki neitað að lífeyrissjóðirnir léku lykilhlutverk við endurreisn hlutabréfamarkaðarinnar og gegna þar enn mikilvægu hlutverki sem eigendur að um fjórutíu prósentum af öllum skráðum hlutabréfum í Kauphöllinni. Hins vegar fer það vart á milli mála að sjóðirnir eru ekki vel til þess fallnir

að leiða rekstur þeirra félaga sem þeir fjárfesta í, sérstaklega ekki við núverandi aðstæður, þegar kólnun í hagkerfinu kallar á erfiðar en nauðsynlegar breytingar til endurskipulagningar og hagræðingar hjá fyrirtækjum landsins.

Öflugur hlutabréfamarkaður byggist á því að jafnvægi sé á milli einkafjárfesta og stofnanafjárfesta þannig að hvorugur hópurinn gnæfi yfir hinn. Lengi hefur skort á að hinir fyrrnefndu láti að sér kveða og því gefa fregnir síðustu vikna og mánaða góð fyrirheit. Vonandi verður framhald þar á. Ekki veitir af.



Þróunareign á Kársnesi

Reitir fasteignafélag auglýsa til sölu fasteignir
og byggingarrétt á Hafnarbraut 17–19 í Kópavogi

Byggingarréttur fyrir allt að 47 íbúða fjölbýlishús á 5 hæðum
auk bílakjallara. Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag þar sem
gert er ráð fyrir allt að 6.700 m² byggingu.

Á lóðunum stendur tæplega 2.000 m² iðnaðarhúsnæði
í góðu ástandi.

Óskað er eftir tilboðum í eignirnar fyrir 30. maí 2019.

Áhugasamir geta óskað eftir nánari upplýsingum með því
að senda fyrirspurn á sala@reitir.is.

Stjórnar- maðurinn



Einkaframtakið

Ársfundur Berkshire Hathaway fór fram á dögnum, en þar hefur Warren Buffett haldið um taumana í áratugi. Viðburðurinn á að mörgu leyti meira sameiginlegt með rokk-tónleikum en hefðbundnum aðalfundum, og er þar Buffett sjálfur aðalnúmerið. Karlinn situr í pontu, með Cherry Coke í dós, og tekur við spurningum úr sal. Hlustað er eftir hverju orði og þau greind í tætlur af viðstöddum fjölmiðlamönnum.

Á fundinum í síðustu viku þótti einna merkilegast þegar Buffett var spurður að því hvað honum myndist um óháða stjórnarmenn, það er að segja stjórnarmenn í félögum sem sjálfir eiga ekkert undir annað en launatékkann í félaginu. Sem fyrr var karlinn snöggur til svars. Hann taldi slíkt fólk til mikillar óþurftar og að það væri beinlínis hættulegt ef aðalhvati stjórnarmanns væru stjórnarlaunin sjálf. Með því yrði til hópur af „þægum“ stjórnarmönnum sem spyrðu ekki erfiðra spurninga og reyndu að ganga í augun á stjórnendum félaga með framgöngu sinni, enda væri það vísasta leiðin til að halda sætinu.

Athyglisvert er að velta þessu fyrir sér í íslensku samhengi. Hér eru langflest skráð félög að langstærstum hluta í eigu stofnanafjárfaða á borð við lífeyris- og fjárfestingasjóði. Fyrir hönd þessara aðila situr svo fólk í stjórnun sem sjaldan á persónulegra hagsmuna að gæta. Á tímum tilnefningarnefnda virðist það svo regla frekar en undantekning að sjálfkjörið sé í stjórnir á aðalfundum sem fram fara einu sinni á ári. Nú skal ekki gert litið úr óháðum stjórnarmönnum. Það getur vissulega verið gott að hafa margs konar þekkingu við borðið, t.d. sérfræðiþekkingu í lögfræði, endurskoðun, fasteignum og svo mætti áfram telja. Æskilegt er hins vegar að einkafjárfestum sé hleypt að borðinu. Þeir fjárfesta á eigin verðleika og finna fyrir hverri krónu sem fer til spillis í rekstri félags. Fólk þekkir það af heimilisbókhaldinu að enginn hugsar betur um peninga þína og eignir en þú sjálfur.


Auðvitað eigum við að leita að hinu gullna jafnvægi í þessum efnum. Í kerfi eins og okkar þar sem einkafjárfestar eru fáir þarf því að greiða götu þeirra að stjórnarborðinu þar sem þeir eru þó fyrir hendi. Um það ættu allir að geta verið sammála, enda tilgangurinn með fjárfestingum að ávaxta sitt pund. Þar fara hagsmunir einkafjárfesta og stofnanafjárfaða saman. Þeir síðarnefndu ættu því að gleðjast yfir áhuga þeirra fyrrnefndu.



Velta Brauðs & Co jókst um sjötíu prósent

Sala í súrdeigsbakaríum Brauðs & Co nam ríflega 699 milljónum króna á síðasta ári og jókst um tæp 72 prósent frá fyrra ári þegar hún var um 408 milljónir króna. Brauð & Co hagnaðist um 6,9 milljónir króna í fyrra og dróst hagnaðurinn saman um 17,7 milljónir króna á milli ára, samkvæmt nýlegum ársreikningi félagsins.

Rekstrargjöld félagsins Brauðs og co ehf., sem rekur fimm bakarí á höfuðborgarsvæðinu, voru um 692 milljónir króna í fyrra borið saman við 379 milljónir króna árið áður.



Ágúst Fannar Einþórsson, stofnandi Brauðs & Co.

Fjöldi ársverka á síðasta ári var 38 en 20,2 árið 2017.

Eignir Brauðs & Co námu tæplega 233 milljónum króna í lok síðasta árs og var eigið fé félagsins á sama tíma 89 milljónir króna.

Fyrsta bakarí Brauðs & Co var opnað á Frakkastíg í miðbæ Reykjavíkur í byrjun árs 2016. Félagið rekur einnig bakarí í Mathöllinni við Hlemm, í Fákaferni, á Melhaga og við Akraþraut í Garðabæ en þau tvö síðarnefndu voru opnuð í fyrra.

Stærsti hluthafi Brauðs & Co er Eyja fjárfestingafélag, í eigu Birgis Þórs Bieltvedt og Eyglóar Bjarkar Kjartansdóttur, með 53 prósentu hlut. – Kij

08.05.2019

Ég tel að stærsta óveðursskýið sé hinar gífurlegu skuldir í heiminum sem eru meiri nú en þær voru fyrir fjármálakreppuna.

Mervyn King, fyrrverandi bankastjóri Englandsbanka



Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafnverðmæt störf

PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóvöllur | Vestmannaeyjar



Yfirburðir Mercedes Benz eru algjörir

Þegar fimm keppnum er lokið á tímabilinu í Formúlu 1 bera ökuþórar Mercedes Benz höfuð og herðar yfir aðra keppendur. Svo virðist sem bill framleiðandans sé mun betri en bílar annarra liða og teymið í kringum liðið mun sterkara í öllum sínum aðgerðum.

FORMÚLA 1 Um síðustu helgi fór fram fimmti kappaksturinn í Formúlu 1 en keppt var í Barcelona á Spáni. Þar fór Lewis Hamilton með sigur af hólmi en þar af leiðandi hafa keppendur Mercedes Benz farið með sigur af hólmi í öllum fimm keppnum á keppnistímabili. Hamilton hefur komið fyrstur í mark þrisvar sinnum og liðsfélagi hans Valtteri Bottas tvisvar.

Max Verstappen, sem keppir fyrir Red Bull, varð í þriðja sæti en mörgum þykir hann líklegastur til þess að veita Hamilton og Bottas einhverja keppni um sigurinn á tímabilinu og koma í veg fyrir að Hamilton verði meistari sjötta árið í röð. Fréttablaðið fékk Kristján Einar Kristjánsson, sérfræðingur um Formúlu 1, til þess að fara yfir upphaf tímabilsins og rýna í hvernig framhaldið mun þróast.

„Það kemur mér ekkert á óvart hversu sterkur Hamilton hefur verið en það sem hefur vakið athygli mína er hversu sterkir Mercedes Benz-menn hafa verið og það hversu mikla yfirburði liðið hefur haft. Billinn þeirra virðist vera í algjörum sérflokk og þrátt fyrir að bæði Ferrari og Red Bull hafi lagt mikið í bíla sína og að þeir séu til að mynda kraftmeiri, þá er heildarpakkinn hjá Mercedes Benz bara í öðrum gæðaflokki virðist vera,“ segir Kristján um fyrstu keppni tímabilsins.



Breski ökuþórin Lewis Hamilton fagnar sigri sínum í kappakstrinum á Spáni um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

„Ferrari-menn hafa valdið mér miklum vonbrigðum á þessu tímabili og ég var að vonast til að billinn þeirra væri betri. Þeir hafa líka verið að lenda í bilunum og þjónustuhléin hafa verið taktískt léleg og illa framkvæmd. Ég var vongóður um að Sebastian Vettel myndi gera harðari atlgöu að titilbaráttunni en hann virðist ekki ætla að standast væntingar mínar,“ segir

hann enn fremur um frammistöðu keppenda.

„Ég hef eiginlega meiri trú á Max Verstappen, öikumanni Red Bull, og ég er til að mynda mjög spennur fyrir því að sjá hvernig þeim gengur í Mónakó í næstu keppni sem er um þarnæstu helgi. Red Bull-menn líta vel út í upphafi árs og virðist hjónaband þeirra við Honda sem vélarframleiðanda fara vel af stað, lítið

hefur verið um bilanir og hraðinn aukist. Sögulega hafa Red Bull-menn verið öflugir í Mónakó og ég væri ekki hissa ef Max Verstappen minnkaði forskot Hamiltons og Bottas með sigri í Mónakó.

Einstefnan sem hefur verið í byrjun árs hefur verið mun meiri en nokkur bjóst við og það er nánast óhugsandi að hún haldi áfram í Mónakó. Við fengum mikla spennu

síðasta vor og vonandi verður það aftur þannig í lok þessarar leiktíðar,“ segir hann um næstu keppni.

„Charles Leclerc sem keyrir fyrir Ferrari hefur veitt Vettel mikla samkeppni og hann hefur komið skemmtilega á óvart og í raun grátlegt að hann hafi ekki fengið sinn fyrsta sigur þegar billinn bilaði í Barein. Pierre Gasly á Red Bull á hins vegar virkilega erfitt uppdráttar, og vonandi fyrir hann að hann fari að nálgast Max Verstappen í hraða, annars er ég hræddur um að það fari að hitna undir honum.

Það er mikil umræða um keppendur Haas, Kevin Magnussen og Romaine Grosjean, og Renault, Daniel Ricciardo og Nico Hülkenberg, vegna þátta sem Netflix gerði um Formúlu 1 í fyrra og keppendur þeirra voru þar í aðalhlutverkum,“ segir hann um þá keppendur sem hafa komið á óvart.

Með sigrinum um síðustu helgi tók Hamilton forystu í stigakeppninni um heimsmeistaratitil öikumanna en hann er með 112 stig í efsta sæti. Liðsfélagi hans Bottas er í öðru sæti með 105 stig. Í þriðja sæti er Verstappen með 66 stig, fjórða sæti Vettel með 64 og Leclerc er með 57. Í keppni liðanna er Mercedes með 217 stig, Ferrari 121 og Red Bull 87. Í fjórða sæti er McLaren með 22 stig.

hjorvaro@frettabladid.is



Ársfundur 2019 / Harpa, Silfurberg / 17. maí, kl. 14:00

SJÚKRAHÚS ALLRA LANDSMANNA



Svandís Svavarsdóttir



Páll Matthíasson



Ólafur Darri Andrason



Ásta Bjarnadóttir



Lilja Stefánsdóttir

Dagskrá

Ávarp

Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra

Ávarp

Páll Matthíasson, forstjóri

Ársreikningur Landspítala

Ólafur Darri Andrason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Þróun klínískrar þjónustu

- Tvö verkefni: Nýtt verklag við heilaslag og uppbygging jáeindaskanna

Heiðursvísindamaður Landspítala 2019

Ungur vísindamaður Landspítala 2019

Heiðranir starfsfólks

Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs

Sjúkrahús allra landsmanna: Samþætt heilbrigðiskerfi - Samstarf Landspítala við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Heilbrigðisstofnun Austurlands

Fundarstjóri

Lilja Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skurðlækningsviðs

„Sjúkrahús allra landsmanna“ er yfirskrift ársfundar Landspítala 2019 sem haldinn verður föstudaginn 17. maí kl. 14:00 til 16:00 í ráðstefnusalnum Silfurbergi í Hörpu. Fundurinn er öllum opin.

Að hefðbundnum ársfundarstörfum loknum verður niðurlag fundarins helgað kynningu á spennandi verkefnum sem lúta að samþættingu íslensks heilbrigðiskerfis með auknu samstarfi og bættri verkaskiptingu.

Bein útsending frá fundinum verður á Facebook-síðu Landspítala (www.facebook.com/landspitali).

Skráning á landspitali.is





Fréttablaðið fer með þig á Eurovision!



Gleðipinnarnir Benni og Ingó (Bingó!) færa landsmönnum fréttir og þræl skemmtilegar umfjallanir frá Eurovision í Tel Aviv í Fréttablaðinu, á frettabladid.is og á Instagram Fréttablaðsins.

Fylgstu með á Instagram

Þú getur fylgst með ferðalagi þeirra félaga á Instagram Fréttablaðsins en þar verður hægt að skyggnast á bak við tjöldin í Tel Aviv. Fylgdu okkur á Instagram og vertu með í fjörinu!

Auðtrúa aumingjar! Eurovision hlaðvarpið

Alvöru Eurovision hlaðvarp, beint frá Tel Aviv! Drengirnir fara yfir allt það helsta frá keppninni og fleira skemmtilegt. Splunku nýtt hlaðvarp daglega. Fylgstu með á frettabladid.is/hladvarp sem og á öllum helstu streymisveitum.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu
á Facebook og Instagram

FRÉTTABLAÐIÐ

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík 11 8 °C K	Ísafjörður 8 4 °C K	Akureyri 16 1 °C ↓
Egilsstaðir 14 7 °C ↑	Kirkjubæjarkl 8 8 °C K	Hveravellir 5 5 °C ↑

Suðlæg átt, 3-10 m/s en suðaustan strekkingur við SV-ströndina. Skýjað að mestu en úrkomulit-ið S-lands, en víða bjart veður N-til á landinu. Þykkjar upp V-til í kvöld með rigningu, rigning eða súld S- og V-lands í dag, en bjart NA-lands. Hiti 8 til 18 stig, svalast SA-lands.

Fimmtudagur

Reykjavík 10 5 °C ↑	Ísafjörður 8 9 °C ↑	Akureyri 15 3 °C ↗
Egilsstaðir 14 7 °C ↑	Kirkjubæjarkl 10 4 °C K	Hveravellir 3 6 °C ↗

Föstudagur

Reykjavík 10 2 °C ↓	Ísafjörður 7 2 °C ↓	Akureyri 8 1 °C ↗
Egilsstaðir 12 3 °C K	Kirkjubæjarkl 8 5 °C ←	Hveravellir 8 2 °C ↘

LÉTT

7	6	2				
			1	9	5	
	5		3		1	
6		3	9		8	
3	4		2		6	
		2	4	6		1
9	3	5	7			
					4	3
1	2				7	

MIDLUNGS

8		9	5			7	
		4		6		5	9
	3						
8		3				6	1
6		5				3	
		7		1	6		
		8		3		9	
1					2	6	
5				9	7		

PUNG

			3					1	
3	9			4	7			6	
7		1		8	6	3			
	3						8		
	6	7						3	4
									2
	8	3		1				2	
		4					5	6	
	7		9	3				4	

Krossgáta

LÁRÉTT

- spík
- föstra
- í röð
- lyf
- hvort
- samtök
- útungun
- jurt
- málmur
- vegahótel

LÓÐRÉTT

- helmingafélag
- skref
- skjól
- lofa
- afæta
- svikult
- drykkur
- pili
- tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. skváp, 5. alá, 6. r, 8. morfin, 10. ef, 11. ast, 12. klak, 13. gras, 15. nikkel, 17. mótel. LÓÐRÉTT: 1. sameign, 2. klóf, 3. var, 4. þris, 7. sni-kill, 9. fálisk, 12. kaka, 14. rfm, 16. ee.

Skák Gunnar Björnsson

Kilpi átti leik gegn Vaeryrynen í Finnlandi árið 1989.

- Dg7+! Rxc7
- hxg7+ Kxc7
- Bf6+ Kf8
- Hh8# 1-0.

Tvö unglingskákamtót fara fram um næstu helgi. Annars vegar Meistaramót Skákskóla Íslands og hins vegar fimmta mótið í mótarið Laufásborgar.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.

Hvítur á leik



4	8	2	1	9	5	3	6	7
9	3	7	2	6	8	4	5	1
5	1	6	4	7	3	2	8	9
6	2	5	7	8	4	9	1	3
7	4	1	9	3	6	5	2	8
3	9	8	5	1	2	6	7	4
2	7	3	6	4	1	8	9	5
8	5	9	3	2	7	1	4	6
1	6	4	8	5	9	7	3	2

Þraut felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



MYNDLISTASKÓLINN

DEILDARSTJÓRI TEXTÍLDEILDAR

Myndlistaskólinn í Reykjavík auglýsir 50% starf deildarstjóra textíldeldar laust til umsóknar. Skólinn er sjálfseignarstofnun, rekinn af félagi starfandi myndlistarmanna og hönnuða. Markmið skólans er að efla grunnmenntun og miðla sem best þekkingu í verklegum og fræðilegum þáttum sjónlista.

Deildarstjóri textíldeldar stjórnar öllu faglegu starfi innan deildarinnar; skipuleggur skólaárið, ræður kennara og hefur umsjón með nemendahópnum. Stærsta verkefnið er að annast tveggja ára námsbraut á 4.þrepi í textíl (áfanganám á BA stigi) sem byggir jöfnum höndum á hugmynda- og hönnunarvinnu og þjálfar nemendur í verktækni á öllum helstu sviðum textílvinnu. Auk þess skipuleggur deildarstjóri stök textílnám-skeið fyrir almenning í samráði við deildarstjóra námskeiða.

Við leitum að metnaðarfullum myndlistarmanni eða hönnuði með háskólamenntun í textíl, öflugt tengslanet, víðtæka þekkingu á nýjustu framleiðslutækni í textíl, góða skipulagsálfu og brennandi áhuga á skólstarfi. Ennfremur er æskilegt að viðkomandi hafi kennsluréttindi á framhaldsskólastigi.

Umsókn þarf að fylgja ítarlegt yfirlit yfir starfsferil ásamt greinargerð þar sem framtíðarsýn umsækjanda og forsendur umsóknar koma fram. Umsókn skal skila á netfangið umsoknir@mir.is eða á skrifstofu skólans fyrir kl. 17:00 miðvikudaginn 22. maí 2019. Nýr deildarstjóri tekur formlega við deildinni í byrjun ágúst en æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsækjendum. Upplýsingar veitir Áslaug Thorlacius, skolestjóri@mir.is.

Í REYKJAVÍK



Hægt verður að kaupa Hatara-vernir í Bíói Paradís.

Hatara-vernir til sölu í Bíói Paradís um helgina

Hönnunarfyrirtækið Döðlur hefur í samstarfi við hljómsveitina Hatara hannað fatalínu undir nafninu Hatrið. Hana er hægt að kaupa á heimasíðu hljómsveitarinnar. Döðlur standa einnig fyrir opnun svokallaðrar pop-up búðar í Bíói Paradís á laugardaginn, þar sem hægt verður að kaupa fatnaðinn úr línunni frá klukkan 14.00. Síðar um kvöldið verður keppnin sýnd í bíóinu, en að henni lokinni verður slegið til heljarinnar Eurovision-veislu undir stjórn Styrmis Hanssonar í kjölfar keppninnar. Fólk er hvatt til að mæta í búningum.

Ein af stjórnnum The Office í íslenskum sjónvarpsþáttum


The Office stjarnan Rainn Wilson er staddur hér á landi, að því er virðist við upptökur á sjónvarpsþættinum Ráðherrann. Í innleggi á samskiptamiðlinum Twitter birti hann mynd af töku-liðinu, sem hann segir líta út eins og sannkallaða víkinga. Merkir hann sjónvarpsþáttinn Ráðherrann ásamt leikaranum Ólafi Darra í innlegginu, en á myndinni sést annar leikstjóri þáttanna, Arnór Pálmi Arnarsson. Ólafur Darri fer með titilhlutverkið, en með honum í þættinum leika Þuríður Blær, Aníta Briem og Þorvaldur Davíð. Við getum því hlakkað til að sjá þessu einvalaliði bregða fyrir á skjáum okkar fyrr en síðar.



Jón Jónsson verður meðal þeirra sem koma fram á sýningunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Heimilissýning í Laugardalshöll

Heimilissýningin Lifandi heimili fer fram í Laugardalshöll um helgina, þann 18. og 19. maí. Síðast fór sýningin fram árið 2017 en þá tóku 90 fyrirtæki þátt í að sýna vörur sínar fyrir gesti og gangandi. Sýningunni í ár verður skipt í tvo flokka, annars vegar fyrir nútímaheimilið og svo hins vegar fyrir foreldra, og þá sér í lagi nýbakaða. Leiktæki og skemmtiatriði verða fyrir börnin, en meðal þeirra sem fram koma eru söngvarinn Jón Jónsson og töframaðurinn Einar Mikael. Miðar á sýninguna fást á midi.is.



Opinn fundur

Athafnaborgin

Skapandi greinar, þróun verslunar og atvinnustarfsemi

Opinn fundur um athafnaborgina Reykjavík verður haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur föstudaginn 17. maí kl. 9-11.

Fjallað verður um skapandi greinar, verslun, þjónustu og nýsköpun. Sagt verður frá uppbyggingarverkefnum sem eru að taka á sig mynd í borgarumhverfinu, sem og verkefnum sem enn eru á hugmyndastigi. Einnig verður fjallað um hönnunardrifna nýsköpun, sem og stöðu og þróun verslunar í borginni.

Dagskrá


- **Hvað getur borgin gert fyrir atvinnulífið?**
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs
- **Uppbygging atvinnuhúsnæðis í Reykjavík – staða og horfur**
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
- **Landsbankinn – fjölbreytt atvinnu- og verslunarhúsnæði í miðborginni**
Halldóra Vífilsdóttir, arkitekt
- **Gróska - hugmyndahús í Vatnsmýri**
Árni Geir Magnússon, framkvæmdastjóri Grósku
- **Landspítali Háskólasjúkrahús – nýr meðferðarkjarni**
Ögmundur Skarphéðinsson, arkitekt
- **Hönnunardrifin nýsköpun – lykill að samkeppnisforskoti framtíðarinnar**
Kristbjörg María Guðmundsdóttir, stofnandi Mstudio - Innovationlab
- **Verslun í Reykjavík – greining á stöðu og framtíðarþróun**
Árni Sverrir Hafsteinsson, forstöðumaður Rannsóknarseturs Verslunarinnar

Fundarstjóri er Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs.

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8.30. Fyrirlestrar hefjast kl. 9.00 og verður þeim streymt.

Nánari upplýsingar má finna á reykjavik.is/athafnaborgin





Ævintýrleg fjölskylduferð Í Raufarhólshelli

📍 Aðeins 35 mín.
frá Reykjavík

Í maí bjóðum við fjölskyldufólk sérstaklega velkomið og veitum 25% afslátt af hefðbundnum ferðum

Komið og njótið þessa stórkostlega nátturufyrirbæris í öruggu umhverfi með leiðsögn. Til að nýta sér þetta tækifæri þarf að bóka á netinu og nota afsláttarkóðann hér að neðan.

Börn 11 ára og yngri fá frítt inn!

Kóði: Fjolskylda19

Bókanir og nánari upplýsingar
thelavatunnel.is


THE
LAVA
TUNNEL

LÍFIÐ ER Á FRÉTTABLAÐID.IS

Lifið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku menningu, heilsu og margt fleira.

Fylgstu með á frettabladid.is/lifid

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



„Listamenn fá tækifæri til að kynna sig, sýna sig og sjá aðra og skapa tengsl,“ segir Brynhildur. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR

Mikilvægt að fara með list sína út fyrir landsteinana

Þrjár íslenskar sýningar taka þátt í einni stærstu jaðarlistahátíð Bretlands. Mikilvægt og skemmtilegt fyrir Norðurlöndin að mæta með fulltrúa sína, segir Brynhildur Björnsdóttir.

Kolbrún

Bergþórsdóttir


kolbrunb@frettabladid.is



Þrjár íslenskar sýningar munu taka þátt í Brighton Fringe sem er ein stærsta jaðarlistahátíð Bretlands. Sýningarnar voru allar á Reykjavík Fringe Festival síðastliðið sumar og voru valdar af Nordic Fringe Network til að taka þátt í Nordic Season sem fer fram í fyrsta sinn í ár á Brighton Fringe hátíðinni. Þessar sýningar eru kabarettisýningin Ladies and a Gentleman með Dömur og herra, uppistandssýningin I Wouldn't Date Me Either með Jono Duffy og sýndarveruleikhús-sýningin A Box in the Desert eftir Huldufugl.

Fulltrúar jaðarlista

Brynhildur Björnsdóttir er hluti af hópnum Dömur og herra. „Hópurinn varð til á námskeiði í Kramhúsinu hjá Margréti Erlu Maack sem er nú ein af hópnum og þar er einn herra og þess vegna heitum við Dömur og (einn) herra. Sýning okkar samanstendur af stuttum atriðum með ákveðna vísun í kabarettformið og tónlist og dans eru áberandi. Við leggjum áherslu á að fagna líkamanum á jákvæðan og munúðarfullan hátt án þess að ganga yfir mörk eða ögra. Við verðum með tvær sýningar í stóru og flottu leikhúsi, The Old Market Theatre, þar sem allar íslensku sýningarnar verða. Jonatahan Duffy verður með uppistand á sama stað. Hann er Íslendingum að góðu kunnur og það má segja að hann hafi runnið saman við land og þjóð. Svo er mjög áhugaverð stafræn sýning, A Box in the Desert eftir Huldufugl. Þar er einungis einn áhorfandi sem fer inn í eins konar



Box in the Desert. Það seldist upp á sýninguna fyrsta daginn.

👁️ **ÞETTA ER MJÖG GOTT TÆKIFÆRI FYRIR HÓPANA ÞRJA TIL AÐ KOMA SÉR OG LIST SINNI Á FRAMFÆRI.**

kassa sem er þó ekki til nema í höfðinu á honum. Síðan er hann leiddur í gegnum ákveðnar þrautir þar sem hann þarf að horfast í augu við sjálfan sig. Það er mjög sérstök og spennandi sýning enda seldist upp á hana fyrsta daginn.“

Norræna hátíðin á Brighton Fringe hófst síðastliðinn mánudag og lýkur laugardaginn 18. maí. „Hún er afrakstur samstarfs norrænna jaðarlistahátíða sem Reykjavík Fringe Festival er hluti af. Reykjavík Fringe Festival var haldin í fyrsta skipti í fyrra og tókst gríðarlega vel og verður haldin aftur í byrjun júlí. Það er mikilvægt og skemmtilegt fyrir Norðurlöndin að mæta með fulltrúa sína í jaðarlistum á þessa risastóru hátíð, Brighton Fringe. Þar

fá listamenn tækifæri til að kynna sig, sýna sig og sjá aðra og skapa tengsl,“ segir Brynhildur.

Hátíðarbragur og stemning

Fringe-hátíðir eru þekkt fyrirbæri víða um heim og draga að fjölda ferðamanna, listamanna, bókara, framleiðenda, leikstjóra, blaðamanna og gesta alls staðar að, svo þetta er mjög gott tækifæri fyrir hópuna þrjá til að koma sér og list sinni á framfæri. „Þetta er óskaplega góð og skemmtileg reynsla,“ segir Brynhildur. „Fyrir mörgum árum var ég þátttakandi á Edinborgar Fringe-hátíðinni og fór þangað í fyrra í nostalgíuferð. Þar er mikill hátíðarbragur og stemning og áhersla á uppistand, drag, burlesque, kabarett, sirkusatriði og spuna, þessar svo kölluðu jaðarlistgreinar sem smellpassa kannski ekki inn í þau form sem fyrir eru í leikhúsinu heldur eru oft meira listagnabliksins. Og með slíkar listgreinar eins og aðrar er mikilvægt að fá að fara með list sína út fyrir landsteinana og prófa hana á öðrum.“

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

15. MAÍ 2019

Málstofa

Hvað? Öld aðgerðasinna / Is this the age of activism?

Hvenær? 13.00 -15.30

Hvar? Háskólinn í Reykjavík, stofa V102

Viðskiptadeild HR og Nordic Open Writing Network bjóða til tilrauna-málstofu um aktivisma þar sem þekktir íslenskir aðgerðasinnar, ásamt háskólafélki og öðrum gestum, koma saman og ræða mál. Aðalræðumaður er Hörður Torfason, aðgerðasinni og listamaður. Málstofan fer fram á

ensku og er öllum opin.

Hvað? Erindi um Hatara í Eurovision

Hvenær? 12.15

Hvar? Bókasafn Kópavogs, Hamraborg

Ástríður Margrét Eymundsdóttir, meðlimur FASES – félags áhugafélks um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, fjallar um framlag Íslands í keppninni í ár. Hatari í Eurovision er antkapitalískur BDSM teknópök listgjörningur með dass af nihilísku dómsdagspoppi og kabarettsjóvi... eða ef ABBA hefði bara verið póst-marxískur listaháskólahópur að leika sér. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir en erindið er liður í Menningu á miðvikudögum á vegum Menningarhúsanna í Kópavogi.

Tónleikar

Hvað? Sameiginlegir vortónleikar

Hvenær? 20.00

Hvar? Fella- og Hólakirkja, Hólabergi 88, Reykjavík
Kór Fella- og Hólakirkju og Kór Víðistaðasóknar halda sameiginlega vortónleika með fjölbreyttri



Tveir kórar sameina krafta sína í Fella- og Hólakirkju í kvöld.

söngdagskrá. Einsöngvarar eru: Kristín R. Sigurðardóttir, Inga J. Backman, Garðar Eggertsson og Hulda Jónsdóttir. Matthías Stefánsson leikur á fiðlu. Stjórnendur eru Arnhildur Valgarðsdóttir og Helga Þórdís Guðmundsdóttir. Aðgangur að tónleikum er ókeypis og allir eru velkomnir.

Gestum gefst kostur á að kaupa kaffiveitingar á 500 krónur í safn- aðarheimili kirkjunnar.

Hvað? Jazzklúbburinn Múlinn

Hvenær? 21.00

Hvar? Björtuloft, Hörpu Hugmynd, hljómsveit píanóleikarans Inga Bjarna Skúlasonar,

leikur. Í henni eru auk hans Norðmennirnir Jørgen Krøger Mathisen, Hákon Norby Bjørgo og Knut Kvifte Nesheim. Kvartettinn spilar eigin tónsmíðar, sumar innblásnar af þekktum 90's slögurum eða stefnum. Miðaverð er 2.500 krónur en 1.500 fyrir nemendur og eldri borgara.

Kona í hefndarhug

BÆKUR

Gullbúrið

★★★★★

Höfundur: Camilla Läckberg

Útgefandi: Sögur útgáfa í samstafi við Nordin Agency

Blaðsíður: 349

Satt að segja hef ég ekki lesið neitt eftir Camilla Läckberg áður. Lesandi ætti að hafa í huga að ég hef aldrei verið sérstakur aðdáandi norræna spennusagna, eða bara spennusagna almennt. Ég hef aldrei klárað Arnald, pikkað upp Yrsu á flugvellinum og hef lítið sem ekkert fylgst með Ófærð/Brúnni/Glæpnum.

Ég hef því ekkert til að miða Gullbúrið við. Sem er eflaust gott því hér fæ ég að dæma bókina eins og hún stendur ein í stað þess að sjá hvar hún fellur í glæpasagnaflokknum.

Sem meistaranemi í ritlist hefur mér alltaf fundist heftandi að flokka bækur eftir því hvort þær séu glæpasögur, ástarsögur, fantasíur og svo framvegis. Þá nálgast lesandinn bókina með gríðarlega miklar fyrirfram mótaðar hugmyndir um umgjörð sögunnar.

Mér er efst í huga eftir að hafa lesið Gullbúrið hversu afar lítið ég tengi við aðalpersónuna og mér líkar eiginlega ekki við neina persónu í bókinni. Það er mikill galli í sögu þar sem lesandinn á að halda með konu sem ris upp eftir gríðarleg svik og nær fram hefndum.



Camilla Läckberg glæpasagnahöfundur.

Við fylgjum sögu Faye, sem á yfirborðinu virðist eiga allt; ríkan eiginmann, yndislega dóttur og lúxusíbúð í Stokkhólm. Svona er þessu lýst á bakhlið bókarinnar og er frekar gamaldags markmið. Virkar kannski ef viðkomandi er húsmóðir árið 1955 í sögu eftir bandaríska karlkyns milli-stéttar-rithöfund.

Framvindan á sögunni er nokkuð fyrirsjáanleg. Faye er svikin, við kynnumst harmleik úr fortíðinni sem sækir á hana, hún ris upp og nær fram hefndum með óvæntri

fléttu í lokin. Fléttur í sögum virka vel þegar þær eru gefnar til kynna fyrir í sögunni og tengjast á einhvern hátt þeim ákvörðunum sem persónan hefur þurft að taka. Slik flétta kemur fyrir í Gullbúrinu en bætir engu við sögulokin og er algjörlega óþörf.

Mér leið eins og ég væri að lesa samansafn af lággúrulegum slúðursögum sem þjóna þeim tilgangi að sjokkera og stuða.

Minnst er á fémínískan boðskap á bakhlið bókarinnar sem er að mínu mati sölubrella frekar en sannleikur. Tvívið kvenpersóna gerir lítið fyrir kvennabaráttu að mínu mati. Läckberg á þó fullan rétt á að skrifa sögu með aðalpersónu sem erfitt er að tengja við, alveg eins og þúsundir rithöfunda hafa gert, burtséð frá kyni.

Ingunn Lára Kristjánsdóttir

NIÐURSTAÐA: Áhrifalítill saga um sykkópata og svik.



EVERY ACTION HAS CONSEQUENCES.

KEANU REEVES
CHAPTER
JOHN WICK
PARABELLUM

GINGER
BE GOOD TO YOURSELF

KOMIN Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

The House That Jack Built (ICE SUB) 17:30	The Wild Pear Tree (ENG SUB) 20:30
Yuli-Carlos Acosta Story (ICE SUB) 17:45	Everybody Knows (ICE SUB) 22:00
Metal Miðvikudags forsýning	BlackKlansman (ENGLISH NO SUB) 22:30
Lords of Chaos (ICE SUB) 20:00	

BLACKKLANSMAN

emmessis



BLÓMLEGRA SUMAR með Ísblómum



— EKTA —
ÍSLENSKUR
Rjómaís
.....

HÚSGAGNA
HÖLLIN



MAGNAÐUR MAÍ Í HÖLLINNI



NÝTT
Í HÖLLINNI

WOODSTOCK

Vinsælu Woodstock sófaborðin komin í svörtum aski. Tvær stærðir og einnig bakborð.

Sófab.: 120 x 60 cm

35.990 kr.

Sófab.: 80 x 80 cm

31.990 kr.

Bakborð

19.990 kr.



**NÝR BÆKLINGUR Á
husgagnahollin.is**
SPENNANDI tilboð
og NÝJAR vörur

HÚSGAGNA
HÖLLIN

Sími: 558 1100

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga
Ísafjörður Skeiði 1

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu
Fréttablaðinu á Facebook



SAFT

Ábendingarnappinn má
finna á www.barnaheill.is



Sigurvegjarar síðustu ára, þeir Andri Davíð, Jónas Heiðarr og Orri Páll. MYND/JÓN RAGNAR JÓNSSON

Bestu barþjónar landsins í tímakeppni á Kjarvalsstöðum

Tíu barþjónar keppa um efstu fjögur sætin í World Class barþjónakeppninni í dag. Fjórir keppa í kvöld á Kjarvalsstöðum, þar sem þeir þurfa að gera átta kokteila á jafn mörgum mínútum. Sigurvegarinn hlýtur titilinn barþjónn Íslands.

Nú í kvöld er World Class barþjónakeppnin haldin í fjórða sinn á Íslandi. Þrisvar áður hafa Íslendingar sent fulltrúa sinn í keppnina, til Miami, Mexíkó og Berlínar, en þetta árið fer keppnin fram í Glasgow. Í kynningu um keppnina er skrifað að tilgangur hennar sé að auka á upplifun, auka gæði og fá meiri þekkingu í kokteila-menninguna hérlendis. Metnaður íslenskra bara hefur stóraukist síðustu ár, og má að mörgu leyti þakka keppninni það. Þetta er nokkurs konar uppskeruhátíð kokteila-unnenda og íslenskra barþjóna.

Keppnin úti er sú stærsta og virtasta sinnar tegundar í heiminum. Barþjónar hvers lands skrá sig í keppnina að hausti og þurfa svo að sækja ýmis námskeið, fræðslu og viðburði yfir árið til að safna stigum. Eftir hvert námskeið þarf hver barþjónn að skila inn drykk. Hann



Sóley og Hlynur, framkvæmdastjórar keppinnar. MYND/AKIRA HELMSDAL CARRÉ

Barþjónarnir sem keppa um titilinn barþjónn Íslands:

- Hrafnkell Ingi sem vann á Nostra
- Teitur frá Deplum
- Sævar Helgi frá Sushi Social
- Jakob Alf frá Bastard
- Jónmundur frá Apótekinu
- Patrick frá Public House
- Alana frá Slippbarnum
- Vikingur frá Apótekinu
- Martin frá Miami bar
- Þórhildur frá Tapasbarnum

er dæmdur út frá bragði, framsetningu og hversu vel var farið eftir þema námskeiðsins.

Þrjár dómarrar fara líka um alla borgina og dæma barþjónana sem taka þátt í keppninni. Rúmlega þrjátíu barþjónar skráðu sig til leiks síðasta haust og fyrr í vor var greint frá hverjir tíu taka þátt á úrslitadaginn. Fyrripart dagsins í dag tekur topp tíu hópurinn þátt í ýmsum þrautum, meðal annars í keppni sem er fölginn í því að barþjónunum eru fengin skotglös, en þau eru öll svört á lit svo innihaldið sést ekki. Í glösum eru svo mis-

munandi áfengistegundir og þurfa keppendur ekki einungis að greina tegundina, heldur líka frá hvaða framleiðanda innihaldið er. Í lok dags er svo tilkynnt hvaða fjórir barþjónar taka þátt í lokakeppninni.

Í kvöld klukkan átta mun lokaúrtaði þurfa að gera átta ólíka kokteila á jafn mörgum mínútum, en þetta gera þeir uppi á sviði fyrir framan áhorfendur. Kúnstin snýst um samhæfingu og framsetningu en þeir eru í raun að gera alla kokteilana samtímis. Að sögn Sóleyjar Kristjánsdóttur, annars framkvæmdastjóra keppinnar, getur þetta reynst ótrúlega spennandi og mikið sjónarspil fyrir áhorfendur. Hún segir alla geta gaman af, þrátt fyrir að hafa engan sérstakan áhuga á kokteilergerð.

Dómarihlíðið er skipað sigurvegurum síðustu ára ásamt einum af bestu barþjónum heims, Kevin Pardnote. Að keppni lokinni er svo tilkynnt hver er besti barþjónn Íslands árið 2019 og sá fer út að keppa fyrir Íslands hönd þetta árið.

Húsið verður opnað klukkan 20.00, en keppnin fer fram á Kjarvalsstöðum við Klambartún.

steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir johannaheiga@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Gústaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is, Hjördís Zoëga Hjördís hjordis@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava Ó'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SERBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÓLK OG SERBLÖÐ EFNÍ: Benedikt Boas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

 **HONDA**

RÚMGÓÐUR OG
FJÖLSKYLDUVÆNN
CIVIC



HONDA CIVIC
FRÁ KR. 3.290.000
SJÁLFSKIPTUR

Opið laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00



HONDA

Bernhard - Honda á Íslandi • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

Umboðsaðilar: Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535



BAKÞANKAR

Jónu Hrnar Bolladóttur



Höfnum ekki sársaukanum

Nú hefur Alþingi samþykkt frumvarp um þungunarrof að undangenginni dæmi-gerðri íslenski þjóðfélagsmála. Andstæðum hefur verið stillt upp með feminista og sérfræðinga á sviði heilbrigðismála á öðrum væng en Ingu Sæland, Agnesi biskup og trúað fólk á hinum. Samhliða hefur þess verið gætt að halda framlagi ÖBÍ og Siðfræðistofnunar HÍ utan við opinbera umræðu.

Á meðan Siðfræðistofnun lagði til að jöfnum höndum yrði horft á þrjá þætti; sjálfsákvörðunarrétt kvenna, siðferðilega stöðu fösturs í móðurkviði og viðhorf til fötlunar, hefur umræðan hverfst um fyrsta atriðið.

Ég held að öll þjóðin geti tekið undir þá afstöðu Siðfræðistofnunar að þungunarrof sé sársaukamál sem þurfi vandaða og opna umræðu. Enn fremur segir þar: „Ferlið sem fylgir siðkomnu þungunarrofi er erfitt líkamlega og andlega og því fylgir mikil sorg. Þegar staðið er andspænis þessum valkostum leggur fólk mat á upplýsingar um föstrið og notar þær til að spá fyrir um lífsgæði verðandi barns, foreldra og fjölskyldu. Sú túlkun er ekki einungis læknisfræðileg.“

Umlíðna áratugi hefur sjötta hverju föstri verið eytt hér á landi. Það er sorgarefni allrar þjóðarinnar sem ekki verður leyst með neinni löggjöf. Við þurfum að lyfta upp sjálfsákvörðunarrétti kvenna og hafna allri skömmun. En jafnframt verðum við að horfast í augu við hið háa flækju- og sársaukastig þessara mála. Stundum standa mæður og feður frammi fyrir afarkostum og treysta sér ekki til að taka við ófæddum börnum. Ég votta öllum sem fundið hafa sig knúin til að stíga það skrefsamúð mína. Við berum öll ábyrgð á að bæta kjör barna, auka valkosti fólks og gefa verðandi foreldrum skýr skilaboð um samstöðu.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk

ON THE GO

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

PANINI OG GOS* COMBO VERÐ: 499 KR



*0.5 l gos í plasti frá Ölgærdinni. Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk

ON THE GO

The
BACHELORETTE

Horfðu á Bachelorette hvar og hvenær sem er

Myndlykillinn tengist farsímaneti Símans þráðlaust og þú horfir á **Sjónvarp Símans Premium** þegar þér hentar.

Þú getur meira með Símanum